FRÉTTABLAÐIÐ
209. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 5. SEPTEMBER 2018



# Tékkuðu sig út

**Freyr Alexandersson stýrði kvennalandsliðinu í síðasta skipti í svekkjandi jafntefli. Draumurinn um HM er úti, að þessu sinni. Sjá síðu 10**

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Spá 3,4 milljarða tapi WOW air

**Sérfræðingar Pareto spá viðsnúningi á næsta ári og að hagnaður WOW air verði þá 1,9 milljarðar. Félagið mun leigja frá sér þrjár A321-vélar í vetur. Opnun starfsstöðvar í Asíu myndi jafna árstíðasveiflur.**

**VIÐSKIPTI** Greinendur norska verðbréfafyrirtækisins Pareto Securities búast við því að WOW air skili tapi upp á 31 milljón dala, jafnvirði 3,4 milljarða króna miðað við núverandi gengi, eftir skatta á þessu ári. Til samanburðar tapaði flugfélagið 22 milljónum dala í fyrra.

Þeir gera hins vegar ráð fyrir að viðsnúningur verði í rekstri félagsins á næsta ári og að það hagnist þá um 17 milljónir dala. Þetta kemur fram í greiningu Pareto sem unnin var í tilefni af yfirstandandi skuldabréfaútboði WOW air og Markaðurinn hefur undir höndum.

Samkvæmt skilmálum útboðsins hyggst félagið til að byrja með gefa út þriggja ára skuldabréf fyrir 50 milljónir evra, sem jafngildir 6,3 milljörðum króna, en WOW air er heimilt að stækka útgáfuna svo hún nemi allt að 100 milljónum evra.

Fjárfestar sem taka þátt í skuldabréfaútboðinu fá kauprétt að hlutafé á 20 til 25 prósenta afslætti, þegar félagið verður skráð á hlutabréfamarkað, sem nemur helmingi af höfuðstól bréfanna en kauprétturinn verður að fullu framseljanlegur og mun gilda til fimm ára.

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, sagði í samtali við Fréttablaðið síðasta föstudag að erlendir fjárfestar hefðu þegar skráð sig fyrir stórum hluta útboðsins.

Í greiningu Pareto er tekið fram að opnun nýrrar starfsstöðvar komi til greina af hálfu WOW air en að sú verði líklegast ekki raunin fyrr en félagið hafi tryggt sér aukið hlutafé. Telur Pareto að ef félagið ákveði að opna nýja starfsstöð geti það gerst í Asíu. Slík opnun sé til þess fallin að jafna árstíðasveiflur í rekstrinum.

Þá er það mat Pareto að áform WOW air um að leigja frá sér þrjár vélar af gerðinni A321 á komandi vetri muni hafa jákvæð áhrif á reksturinn. – **hae, kij** / sjá Markaðinn

**17**

**milljónir dala er áætlaður hagnaður WOW air á næsta ári að mati greinenda Pareto.**

## Fréttablaðið í dag

Halldór



**SKOÐUN** Ráð Rótarinnar segir umræðu um fyrirgefningu ótímabæra. 9

**MENNING** Jónas Sen spáir í vetrardagskrá Sinfóníunnar. 16

**LÍFIÐ** Extreme Chill-hátíðin hefst á morgun. Skipuleggjandi segir hátíðina vera pínu nördasamkomu. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**Farðu þína eigin leið**

Ókeypis kynningartími 5. september - Skráning á dale.is/ungtfolk
Nánari upplýsingar og skráning á dale.is eða í síma 555 7080



Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Gen next_72318_iceland_sept

**Það sem þjálfunin færir þér:**
• Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og aukin vellíðan
• Trú á eigin getu, skýrari markmið og meiri árangur
• Kynnist nýju fólki, bætir samskiptahæfni og styrkir sambönd
• Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

**Námskeið hefjast**
20-25 ára — 18. sept.
16-19 ára — 19. sept. og 15. okt.
13-15 ára — 20. sept. og 16. okt
10-12 ára — 25. sept. og 20. okt.

Dale Carnegie

## Veður




Hæg norðlæg eða breytileg átt og lítilsháttar væta norðan og austan til í dag en annars bjartviðri. Svalt fyrir norðan en milt syðra. SJÁ SÍÐU 14



**Steypuvinna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Lögfræðingur fær ekki smiðsréttindi

**ATVINNUMÁL** Maður sem krafðist þess að fá löggildingu frá Mannvirkjastofnun sem húsasmíðameistari tapaði kærumáli fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fram kemur í umfjöllun nefndarinnar að maðurinn hafi fengið réttindi sem húsasmíðameistari árið 2013 og óskað eftir löggildingu sem slíkur í fyrravor en verið synjað. Lögum samkvæmt þurfi tiltekna menntun, próf úr meistaraskóla eða sambærilega menntun.

„Kærandi telur að hann uppfylli skilyrði um sambærilega menntun þar sem hann hafi lokið námi í lögfræði, öðlast lögmannsréttindi, sé með löggildingu fasteignasala, meirapróf á vörubíl og dráttarbíl og vinnuvélaréttindi,“ segir í úrskurðinum. Sú menntun teljist ekki sambærileg námi í meistaraskóla í skilningi mannvirkjalaga, enda ekki á sama fagsviði. – **gar**

# Engir bílar á völdum götum

**REYKJAVÍK** Borgarfulltrúar allra flokka nema Miðflokksins og Flokks fólksins greiddu í gær atkvæði með því að Laugavegur og Bankastræti, sem og valdar götur í Kvosinni, verði gerðar að göngugötum allt árið um kring. Hefur Umhverfis- og skipulagssviði því verið falið að endurhanna þau svæði með tilliti til öryggis og vellíðunar gangandi vegfarenda. – **þea**

# Veðrið truflar ekkert



**Þótt kominn sé september og veðrið eftir því halda ferðamenn enn áfram að flakka um landið. Ljósmyndari Fréttablaðsins kom auga á þessi eldri hjón sem voru ef til vill að fara gullna hringinn í gær, vopnuð regnhlífum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af ævintýrum ferðamanna er að finna á Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Þegnréttur verði innsiglaður með handbandi



**DANMÖRK** Margir borgarstjórar í Danmörku ætla ekki að þvinga nýja ríkisborgara til að heilsa þeim með handabandi verði lög um slíkt að veruleika. Samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar eiga nýir ríkisborgarar að taka þátt í athöfn í sveitarfélagi sínu þar sem þeir undirrita skjal þess efnis að þeir muni virða stjórnarskrá Danmerkur. Við athöfnina eiga þeir jafnframt að heilsa fulltrúum sveitarfélagsins með handabandi. Þeir sem ekki taka þátt fá ekki ríkisborgararétt.

Borgarstjórinn í Frederikssund segir það ekki til marks um frjálslyndi að þvinga fólk til að heilsa með handabandi sem komi frá menningarheimi þar sem heilsað er á annan hátt. – **ibs**

# Fengu lögregluforingja í bæjarráð Garðabæjar

**Móðir segir kurr meðal foreldra sem vilji upplýsingar um öryggismál í Garðabæ eftir að fjórtán ára piltur gaf sig fram í tengslum við árásir á stúlkur. Formaður bæjarráðs vonast til að málið sé að upplýsast. Rannsókn lögreglunnar miði vel.**

**ÖRYGGISMÁL** Þrír yfirmenn hjá embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, með lögreglustjórann sjálfan í fararbroddi, mættu á fund bæjarráðs Garðabæjar í gær. Þar voru til umræðu „líkamsárásir og öryggi og eftirlit í Garðabæ“ í kjölfar árása á ungar stúlkur í bænum.

Í fylgd með Sigríði Björk Guðjónsdóttur lögreglustjóra voru yfirlögregluþjónarnir Karl Steinar Valsson og Ásgeir Þór Ásgeirsson.

„Við fengum þær upplýsingar frá þeim að rannsóknin væri langt komin og miðaði vel þannig að vonandi fer þessum málum að ljúka,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar. „Síðan þurfum við að skoða hvað við getum gert betur og hvernig við gerum sveitarfélagið okkar öruggara.“

Móðir tíu ára stúlku í Garðabæ kvaðst í símtali við Fréttablaðið vera undrandi á að engar upplýsingar hefðu verið veittar um málið eftir að fjórtán ára drengur sem lýst var eftir og birtar myndir af gaf sig fram í síðustu viku. Sagði hún kurr meðal foreldra sem vissu ekki hvort bæjarfélagið væri orðið öruggt á sama hátt og áður og að óhætt væri að senda börnin gangandi í skóla eins og venjulega. Hún hafi leitað upplýsinga víða en ekki fengið svör.

Áslaug Hulda segir ýmislegt til skoðunar varðandi það efla öryggi í Garðabæ. „Við höfum verið að setja upp öryggismyndavélar við helstu umferðaræðar í sveitarfélaginu. Því er ekki lokið og við munum halda því áfram. Samhliða þurfum við að skoða vandlega hvað við gerum varðandi myndavélar við opin svæði og göngustíga. Við höfum verið að bæta lýsingu víðs vegar í bæjarfélaginu og munum halda því áfram,“ segir bæjarráðsformaðurinn.



**Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar, nefnir myndavélar og betri lýsingu sem leiðir til að bæta öryggi íbúa.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Við náttúrlega vonum að þetta mál sé að upplýsast og tengist þessum einstaklingi sem er nú fundinn.**
>
> Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar

Öryggismyndavélar geta að sögn Áslaugar Huldu vissulega hjálpað við að upplýsa mál. „En þær koma ekki endilega í veg fyrir atburði eins og við höfum verið að sjá síðustu vikur,“ undirstrikar hún. „Á fundinum með lögreglunni ræddum við einmitt hvað nágrannvarsla er öflugur þáttur í að auka öryggi íbúa – að við séum að fylgjast hvert með öðru og séum upplýst og vakandi.“

Sem fyrr segir spyrja foreldrar í Garðabæ sig hvort börnin þeirra séu nú örugg. „Auðvitað fær svona atburður alla til að hugsa. Við náttúrlega vonum að þetta mál sé að upplýsast og tengist þessum einstaklingi sem er nú fundinn. Að þetta sé ekki eitthvað sem koma skal heldur einangrað mál,“ svarar Áslaug Hulda. **gar@frettabladid.is**

**Varmadælur & loftkæling**

Kælitækni




- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land





25% afsláttur

# Heilsutjútt

## Allt að 25% **afsláttur** í öllum verslunum Lyfju 5.–16. september

## Solaray

D-Mannose frá Solaray veitir vörn gegn þvagfærasýkingum. Bættu bætiefnum frá Solaray inn í þína daglegu rútínu. **Afsláttur af allri línunni.**

20% afsláttur



## Better you

Bragðgóðu munnúðarnir frá Better You tryggja hámarksupptöku vítamína þegar úðað er út í kinn. **Afsláttur af allri línunni.**

25% afsláttur



## Now

Breið lína hágæða bætiefna, án óæskilegra aukaefna svo sem litar–, bragð– og rotvarnarefna. **Afsláttur af allri línunni.**

20% afsláttur



## OptiBac

Heilbrigð þarmaflóra er ómissandi fyrir sterkt ónæmiskerfi. OptiBac býður sérhæfðar blöndur sem byggja á ítarlegum rannsóknum. **Afsláttur af allri línunni.**

20% afsláttur



## Protis

Íslensk fæðubótarefni unnin úr sjávarfangi ásamt sérvöldum vítamínum og steinefnum. Liðir einnig fáanlegt í 240 stk. pakkningum.

20% afsláttur



## Ivy Bears og Siren

Tvær spennandi nýjungar. Ivy Bears, fyrir hár, húð og neglur. Dásamlega ljúffengir á bragðið. Siren, snilldar blanda sem stuðlar að góðu hormónajafnvægi fyrir konur á öllum aldri.

20% afsláttur



## Probi Mage LP299V mjólkursýrugerlar

Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð, nú loksins á Íslandi! Finndu muninn með Probi Mage LP299V.

25% afsláttur



## Enzymedica

Uppþemba, magaónot, brjóstsviði og önnur óþægindi geta komið í kjölfar máltíða ef við meltum ekki rétt. Enzymedica meltingarvörurnar auðvelda niðurbrot fæðunnar og auka upptöku næringarefna. **Afsláttur af allri línunni.**

25% afsláttur



## A. Vogel

Það þekkja margir hinn klassíska sólhatt frá A.Vogel. Sólhattur getur hjálpað okkur að verjast hinum ýmsu pestum. Nú finnur þú enn meira úrval frá A.Vogel. **Afsláttur af allri línunni.**

Tryggðu þér þínar eftirlætisvörur á enn betra verði. Tilboðin gilda í öllum verslunum Lyfju og í netverslun okkar á lyfja.is



LYFJA – Lifið heil



# Rigningin engin fyrirstaða



Fjölmargir ferðamenn klæddu sig eftir veðri í gær og fóru gullna hringinn svokallaða. Haustveðrið virðist ekki vera nein fyrirstaða fyrir áhugasama um íslenska náttúru. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, fór á stúfana og fylgdist með ferðamönnum.






BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!
FRÉTTABLAÐIÐ
Erum í þessu saman
Milljarða króna samfélag fútúrista í Lóni
ÚTSALA
• Þú sækir appið frítt í App Store eða Google Play.
• Opnar blað dagsins.
• Lest þegar þér hentar!
Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play

# Svandís úrskurðar í knatthúsamáli vegna vanhæfis Sigurðar Inga

**HAFNARFJÖRÐUR** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra mun fara með tvö kærumál varðandi ákvarðanir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um framkvæmdir og kaup á mannvirkjum í Kaplakrika.

„Samgönguráðherra ákvað að víkja sæti vegna þess að Ágúst Bjarni Garðarsson, sem var aðstoðarmaður hans til skamms tíma, er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og ég ákvað að setja Svandísi í þetta,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra aðspurð um ástæður þessa.

Knatthús hafa verið uppspretta átaka í bæjarpólitíkinni í Hafnarfirði lengi, ekki bara það sem af er þessu kjörtímabili heldur lungann úr síðasta kjörtímabili líka. Nýr kafli átakanna hófst nú síðla sumars þegar meirihluti bæjarstjórnar ákvað að kaupa þrjú hús af FH fyrir 790 milljónir til að tryggja félaginu fjármögnun til byggingar nýs knatthúss. Áður hafði staðið til að bærinn byggði og ætti nýtt knatthús sjálfur í samræmi við stefnu bæjarins að eiga sjálfur og reka íþróttamannvirki í bænum.


Ágúst Bjarni Garðarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Fulltrúar minnihlutans tóku þessari stefnubreytingu afar illa og hafa gagnrýnt málsmeðferðina og aðdraganda þessarar ákvörðunar harðlega.

Steininn tók svo úr þegar fyrsta greiðsla var innt af hendi örfáum dögum eftir að ákvörðun var tekin; 100 milljónir króna, án þess að verðmat eignanna lægi fyrir eða eignaskipting hefði farið fram en eitt húsanna sem bærinn mun kaupa af FH er nú þegar að 80 prósentum í eigu bæjarins. Þær kærur sem Svandís hefur nú tekið við af Samgönguráðherra varða þessa málsmeðferð en bæjarfulltrúarnir telja hana fara í bága við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Fundur er í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í dag og búast bæjarfulltrúar sem Fréttablaðið hefur haft tal af við löngum fundi. Er þess er vænst að honum verði lögð fram svör við fjölmörgum fyrirspurnum, meðal annars um skuldastöðu mannvirkjanna, leigugreiðslur bæjarins til félagsins og um málsmeðferðina og aðdraganda samkomulagsins. **– aá**

## Ekki sátt um þjóðarsjóð

**STJÓRNMÁL** Frumvarp um þjóðarsjóð er í vinnslu í fjármálaráðuneytinu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að stofna eigi þjóðarsjóð utan um arð af auðlindum landsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom til greina að þingmál um stofnun sjóðsins yrði flutt á hátíðarfundi Alþingis sem haldinn var á Þingvöllum í júlí. Ekki mun hafa náðst samstaða um málið meðal þingflokka. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að frumvarpið fari í samráðsferli áður en það verður lagt fram á Alþingi. **– aá**

## Víkka út rétt til upplýsinga

**STJÓRNSÝSLA** Starfshópur um traust á stjórnmálum og stjórnsýslu hefur skilað skýrslu til forsætisráðherra og kynnir niðurstöður sínar í dag. Hópnum var falið að fjalla um hvernig megi auka traust á stjórnmálum og stjórnsýslu, reynslu af siðareglum í stjórnsýslunni og hvaða breytingar þurfi að gera til að auka gagnsæi.

Forsætisráðherra hefur sagt að hún muni láta vinna frumvarp um að Alþingi og dómstólar falli undir upplýsingalög. Þetta mun vera ein tillagna starfshópsins. **– aá**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Enginn vilji virðist til að halda rekstri SÁÁ á Akureyri áfram

**SÁÁ mun ekki reka göngudeildarþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins að óbreyttu eftir áramót. Viðræðum ríkis og samtakanna hefur ekki miðað neitt. Formaður stjórnar SÁÁ segir ríkið verða að gera þjónustusamninga við samtökin um göngudeildarþjónustu sem fyrst. „Óásættanlegt,“ segir bæjarstjórn Akureyrar.**


Hilda Jana Gísladóttir er oddviti Samfylkingar. Hún óskaði eftir upplýsingum um afstöðu SÁÁ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert hefur miðað í viðræðum ríkisvaldsins, Akureyrarbæjar og SÁÁ um að tryggja starfsemi þess síðastnefnda á Akureyri. SÁÁ hefur haft það á stefnuskránni lengi að loka einu þjónustu sinni á landsbyggðinni til að spara tæpar nítján milljónir króna. Bæjarstjórn Akureyrar lýsir megnri óánægju með stöðu mála.

Málið var tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi í gær og lagði öll bæjarstjórn fram sameiginlega bókun. „Bæjarstjórn Akureyrar fordæmir þau áform SÁÁ að loka göngudeild sinni á Akureyri um næstu áramót. Það er að okkar mati algjörlega óásættanlegt að í þjónustusamningi ríkisins við SÁÁ sé ekki skilgreind nein þjónusta utan höfuðborgarsvæðisins. Bæjarstjórn skorar á SÁÁ og ríkisvaldið að bæta úr þessu hið fyrsta og felur bæjarstjóra að ræða við samningsaðila og leita leiða til að koma í veg fyrir að göngudeildin verði lögð niður,“ segir í bókuninni.

Arnþór Jónsson, formaður stjórnar SÁÁ, segir ríkisvaldið ekki hafa stutt við göngudeildarþjónustu SÁÁ síðan árið 2014. Reksturinn sé því alfarið af sjálfsaflafé samtakanna. Hann segir reksturinn á Akureyri hlutfallslega þungan fyrir samtökin og það sé ekki við samtökin að sakast í þessu efnum. „SÁÁ hefur rekið göngudeild á Akureyri í langan tíma fyrir eigið fé,“ segir Arnþór. „Við erum búin að vera að borga með þessum rekstri, SÁÁ, í 25 ár um 500 milljónir. Ætlar einhver að endurgreiða það?“

Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingarinnar á Akureyri, segist hafa þurft að draga fram upplýsingar með töngum út úr samtökunum til að fá heildarmynd af stöðu mála. „Eftir níu tölvupósta til stjórnenda SÁÁ þar sem ég óskaði eftir því að fá upplýsingar um hvað þyrfti til að göngudeildinni yrði ekki lokað sagði formaður SÁÁ að lokum að til greina komi að gera sérstakan þjónustusamning við Akureyrarbæ um þjónustu við bæjarbúa en eini möguleikinn til þess að halda úti óbreyttu starfi göngudeildarinnar á Akureyri fyrir Norðurland allt sé að ná samningum við ráðuneytið eða Sjúkratryggingar,“ segir Hilda Jana.

**sveinn@frettabladid.is**

**» SÁÁ segir ríkið ekki hafa stutt við göngudeildarþjónustu síðan árið 2014.**

**Við erum búin að borga með rekstrinum í 25 ár um 500 milljónir. Ætlar einhver að endurgreiða það?**


Arnþór Jónsson, formaður stjórnar SÁÁ


Nýtt
ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!
Strefen®
Bólgueyðandi og verkjastillandi munnúði við særindum í hálsi


Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.
lyfja.is
LYFJA – Lifið heil




ENNEMM / SÍA / NM89480

**Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna** fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 2.050.000 kr.**

HYUNDAI

Comfort útgáfa - Upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

## Nauðgari fékk þriggja ára fangelsisdóm

**DÓMSMÁL** Rúmenskur karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga konu á þrítugsaldri fyrir aftan skemmtistað aðfaranótt 8. október í fyrra.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness þann 10. ágúst síðastliðinn. Konan sem fyrir árásinni varð lýsti því fyrir dómi að eftir nauðgunina hefði hún leiðst út í neyslu fíkniefna og óhóflega neyslu áfengis. Þá hefði hún að mestu dvalist erlendis af ótta við að rekast á manninn. Framburður konunnar þótti trúverðugur að mati dómara en framburður mannsins þótti ekki hafa viðhlítandi stoð í framburði vitna eða gögnum málsins.

Maðurinn, sem neitaði sök í málinu, var að auki dæmdur til að greiða konunni 1,4 milljónir í miskabætur og 2,7 milljónir í sakarkostnað. **– smj**

## Bólusetning við inflúensu hefst í októbermánuði

**HEILBRIGÐISMÁL** Bóluefni gegn árlegri inflúensu er komið til landsins. Samkvæmt tilkynningu frá Embætti landlæknis verður bóluefnið tilbúið til afhendingar frá innflytjanda í næstu viku. Búist er við að bólusetningar hefjist í október en það verður auglýst á næstunni.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að áhættuhópar njóti forgangs við bólusetningar. Þar er um að ræða einstaklinga 60 ára og eldri, einstaklinga sem þjást af langvinnum sjúkdómum, heilbrigðisstarfsmenn og þungaðar konur.

Athygli er vakin á því að umræddir hópar eigi rétt á bóluefninu sér að kostnaðarlausu.

Alls verða um 65 þúsund skammtar til ráðstöfunar og munu heilsugæslustöðvar, læknastofur og aðrar sjúkrastofnanir fá forskot til að panta bóluefni. **– sar**

## Hasar á þingi vegna skipunar Kavanaughs

**BANDARÍKIN** Það varð uppi fótur og fit á Bandaríkjaþingi í gær þegar dómsmálanefnd öldungadeildarinnar tók fyrir tilnefningu Bretts Kavanaugh í hæstarétt landsins. Strax í upphafi yfirheyrslunnar mátti heyra mótmælendur hrópa og kalla á meðan þingmenn reyndu að spyrja Kavanaugh spjörunum úr.

Kavanaugh þykir íhaldssamur og óttast frjálslyndir Bandaríkjamenn að hann muni snúa við úrskurðum sem tengjast réttinum til meðgöngurofs og verja réttinn til skotvopnaeignar.

Öryggisverðir fjarlægðu tugi mótmælenda úr þingsal á þessum fyrsta degi málsins af fjórum. Það varð til þess að John Cornyn, öldungadeildarþingmaður Repúblikana frá Texas, sagði að þetta væri í fyrsta sinn sem hann hefði séð slíkan fund snúast upp í skrílslæti.

En þingmenn deildu einnig sín á milli. Demókratar í nefndinni kröfðust þess að fundi yrði frestað þar sem ríkisstjórnin neitaði að afhenda skjöl sem tengdust vinnu Kavanaughs fyrir Bush yngri forseta. **– þea**


Brett Kavanaugh


Á safninu var að finna beinagrind Maxakalisaurus-risaeðlu. Talið er að eðlan hafi eingöngu lifað á svæðinu þar sem Brasilía er nú. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP

# Brasilíustjórn leitar aðstoðar við að byggja safnið upp á ný

**Brasilíustjórn leitar á náðir banka og alþjóðastofnana um aðstoð við enduruppbyggingu þjóðminjasafnsins sem brann á sunnudag. Eldsupptök eru enn ókunn en talið að mögulega hafi kviknað í út frá heimagerðum pappírsloftbelg eða rafmagni. Tjónið er ómetanlegt og ekki vitað hvað tryggingar muni bæta.**

**BRASILÍA** Ríkisstjórn Brasilíu leitar nú á náðir fyrirtækja og banka um aðstoð við að byggja þjóðminjasafnið í Rio de Janeiro aftur upp á ný eftir að húsnæði safnsins og 90 prósent gripa þess eyðilögðust í eldsvoða á sunnudaginn. Þetta sagði í tilkynningu frá Michel Temer forseta í gær. Sagði þar enn fremur að viðræður við fulltrúa stærstu banka landsins og fyrirtækja væru nú þegar hafnar og rætt væri um hvernig hægt væri að reisa safnið úr rústum á ný eins fljótt og auðið er.

Rossieli Soares menntamálaráðherra sagði svo í gær að til viðbótar hefði verið leitað til menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Á blaðamannafundi fyrir utan hina ónýtu byggingu sagði Soares að ríkisstjórnin hefði lagt til hliðar fimmtán milljónir ríala, andvirði nærri 400 milljóna króna, fyrir enduruppbygginguna.

Enn eru eldsupptök ókunn. Sergio Leitao menningarmálaráðherra sagði við dagblaðið Estado de S. Paulo í gær að líklega hefði kviknað í út frá rafmagni eða jafnvel heimagerðum pappírsloftbelg sem talið er að hafi lent á þakinu.

Þá hefur verið harðlega gagnrýnt að ekkert vatn var að fá úr brunahönum við safnið. Ríkisstjórnin hefur í því samhengi verið sökuð um að bera ábyrgð á eldsvoðanum vegna þeirra niðurskurðaraðgerða sem ráðist var í í kringum Ólympíuleikana sem haldnir voru í borginni árið 2016. Mótmælendur hafa safnast saman undanfarna daga í kringum brunarústirnar.

Brasilíski rithöfundurinn Paulo Coelho fangaði tilfinningar mótmælenda vel í grein sem hann skrifaði í The Guardian í gær. Þar sagði hann að eldsvoðinn væri táknrænn fyrir ríki þar sem skortur á menningu og menntun sé eitt stærsta vandamálið.

En Coelho spurði einnig hvers vegna þjóðminjasafnið, „glæsilegasta safn Suður-Ameríku“, fengi bara 154.000 heimsóknir á dag.

„Við kennum ríkisstjórninni um að vanrækja sögu okkar. En við, brasilíska þjóðin, vanrækjum hana líka. Brasilía er frábært land, fallegt land, en við eigum við mikinn skort á menntun að stríða. Fátækir Brasilíumenn fara ekki í skóla, hvað þá á söfn. Rika fólkið fer á söfn. En þau söfn eru í Lundúnum, New York eða París. Ekki í Rio eða Sao Paulo.

„Fjármagnið sem fór í að reisa hvern og einn leikvang. Bara fjórðungur af því hefði verið nóg til að tryggja öryggi safnsins,“ sagði Luiz Fernando Dias Duarte aðstoðarsafnstjóri í viðtali við brasilískar sjónvarpsstöðvar fyrir framan rústirnar.

Rannsakendur þurftu enn að bíða í gær eftir leyfi til þess að fara inn í rústirnar. Verkfræðingar hafa undanfarna daga gert prufur á húsinu til þess að ganga úr skugga um að það hrynji ekki á rannsakendur er þeir fá að fara inn. Þá hafa yfirvöld á svæðinu gefið út að veggir byggingarinnar og hlutar þaksins séu að hruni komnir vegna eldsvoðans.

**thorgnyr@frettabladid.is**

### Ómetanlegt tjón

Þegar hamfarir verða er oft talað um að erfitt verði að meta tjónið. Í þessu tilfelli er óhætt að segja að tjónið sé raunverulega ómetanlegt. Safnið hafði að geyma sögulega mikilvæga gripi. Allt frá frumheimildum um lífið í Suður-Ameríku fyrir komu evrópskra landkönnuða til risaeðlubeinagrinda og frá jarðneskum leifum egypskra fyrirmenna til loftsteina. Talið er að níutíu prósent þeirra um það bil tuttugu milljóna gripa sem safnið hafði að geyma hafi glatast í eldsvoðanum.


Krúnudjásn safnsins, elstu jarðnesku leifar manneskju sem fundist hafa í Suður-Ameríku, er talið hafa tortímst. Um er að ræða 12.000 ára gamla beinagrind konu sem kölluð er Luzia. Hér sést einnig endurgerð kúpunnar.


Bendego-lofsteinninn er sá stærsti sem fundist hefur í Brasilíu. Hann og aðrir loftsteinar á safninu gætu hafa bjargast enda harðgerðari en aðrir safngripir.

# 30% afsláttur

## af öllum reiðhjólum og hjólaaukahlutum 5.-17. september

Cross

**24" Alissa**

vnr. 912952

**26.599**

verð áður 37.999



Cross

**28" Areal**

vnr. 955097, 955098

**55.999**

verð áður 79.999



Cross

**28" Arena**

vnr. 955100, 955101

**55.999**

verð áður 79.999



Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Cross

**24" Speedster**

vnr. 935922

**26.599**

verð áður 37.999



Cross

**24" Speedster**

vnr. 961589

**26.599**

verð áður 37.999



Cross

**20" Alissa**

vnr. 1114842

**24.449**

verð áður 34.999



Cross

**16" Tangled**

vnr. 1121575

**19.599**

verð áður 27.999



Cross

**16" Cars 3**

vnr. 1103151

**19.599**

Verð áður 27.999



Cross

**16" Ultra Larisa**

vnr. 1120675

**20.999**

Verð áður 29.999



24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ **SKOÐUN**

# Tilvistarkreppa



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Undanfarið hefur birst holskefla frétta af bágri stöðu fjölmiðla á Íslandi. Nú síðast var það Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, sem birti afkomu sína, en tæplega 300 milljóna tap var á rekstri félagsins í fyrra. Framkvæmdastjórinn taldi nokkrar ástæður fyrir versnandi afkomu, meðal annars hækkandi launakostnað og harðvítuga erlenda samkeppni. Þessa liði þekkja atvinnurekendur úr öðrum geirum. Launakostnaðinn þekkja allir, og erlenda samkeppnin ætti að hljóma kunnuglega í eyrum verslunareigenda nú á tímum alþjóðlegra netverslana.

Eitt til nefndi framkvæmdastjórinn. Atriði sem aðrir atvinnurekendur kannast síður við. Forsvarsmenn Haga þurfa ekki að berjast um starfsfólk og markaðshlutdeild við niðurgreidda ríkismatvörubúð. Eigendur tískuverslana þurfa heldur ekki að eiga við Tízkuverslun ríkisins í daglegu amstri. Sem betur fer ekki.

Fjölmiðlar þurfa hins vegar að etja kappi við ríkisrisann RÚV, sem ekki bara fær um fjóra milljarða í skattfé í vasann á ári hverju, heldur starfrækir öflugustu auglýsingasöludeild landsins og tekur þar vel á þriðja milljarð árlega til viðbótar. Sumarið var sérstaklega slæmt í þeim efnum. RÚV beitti óvönduðum meðulum við sölu á auglýsingum vegna HM í knattspyrnu. Auglýsingapakkar stofnunarinnar bundu auglýsingafé fyrirtækja langt fram eftir hausti.

Einkamiðlarnir urðu því ekki bara af tekjum yfir blásumarið heldur frá því snemma í vor og langt fram á haustið. Allir frjálsir miðlar finna fyrir þessu nú um stundir. Þeir smærri, til dæmis N4 á Akureyri, kvörtuðu undan því að svona högg gæti riðið þeim að fullu. Eins og ritstjóri annars smærri miðils, Kjarnans, orðaði það svo smekklega, þá tekur RÚV súrefni frá öðrum á markaðnum.

Markmiðið með veru RÚV á markaði hlýtur að vera að efla frjálsa fjölmiðlun og þar með tjáningarfrelsið. Staðreyndin er hins vegar sú að RÚV tekur við almannafé með annarri hendinni, en murkar svo lífið úr einkareknu miðlunum með hinni. Svo mjög að eðlilegt er að spyrja hvort áhrif RÚV á opna og lýðræðislega umræðu í landinu séu yfir höfuð jákvæð þegar allt er talið.

Flest getum við sammælst um að RÚV eigi að vera starfrækt í einhverri mynd. Þar starfar margt frábært fagfólk og dagskrárgerð er í mörgu til fyrirmyndar. Ekki er við það fólk að sakast þótt stjórnmálamönnum hafi með aðgerðaleysi tekist að gera RÚV að útblásnu bákni í tilvistarkreppu. Vandræðagangur stjórnmálamannanna er aðför að tjáningarfrelsinu og hættulegt frjálsri fjölmiðlun.

Nú liggja fyrir ágætar tillögur fjölmiðlanefndar númer óteljandi. Síðast þegar fréttist hafði verið skipuð nefnd um niðurstöðu nefndarinnar. Kannski þarf svo nefnd um niðurstöðu þeirrar nefndar.

Gott fyrsta skref úr þessari heimatilbúnu tilvistarkreppu væri að koma ágætum tillögum þeirrar nefndar til framkvæmdar. Ef menntamálaráðherra myndi auðnast að taka það skref hefði hún tekið þau fleiri en allir forverar hennar samanlagt í þessum málaflokki. Áfram gakk.

**Nú liggja fyrir ágætar tillögur fjölmiðlanefndar númer óteljandi. Síðast þegar fréttist hafði verið skipuð nefnd um niðurstöðu nefndarinnar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Blóm hins illa**

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Vigdís Hauksdóttir tókust harkalega á um mikilvægt mál á borgarstjórnarfundi í gær; hvort það þurfi að vökva gróður í rigningu. Dagur snupraði Vigdísi og Eyþór Arnalds fyrir að hafa gantast með mynd sem sýndi borgarstarfsmann við þá iðju. Ef þau ætluðu að hafa almennt starfsfólk borgarinnar að háði og spotti væri honum að mæta. Nokkuð ljóst er að borgarbúar mega búa sig undir frjósöm fjögur ár í borgarstjórn á meðan fulltrúar þeirra leggja sig fram um að vökva blóm hins illa í öllum veðrum.**

**Garðyrkja og gyllinæð**

**Mögulega gekk þó læknismenntaður borgarstjórinn aðeins of langt þegar hann upplýsti að stundum þyrfti að vökva blóm þótt það rigndi og vændi Eyþór og Vigdísi um litla þekkingu á garðyrkju. Vigdís tekur slíkum rógi ekki þegjandi, verandi garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins, útskrifuð 1984 þegar Dagur var tólf ára. Miðað við þessa absúrdkómík við dynjandi bjölluglamur forseta borgarstjórnar er fólki líklega hollast að búa sig undir næstu lotu og útiloka ekki að þá taki Vigdís upp á því að fræða Dag um hvaða krem og meðferðir henti best við gyllinæð.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Berjumst saman gegn einnota plasti



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Allar jógúrtdósirnar sem ég borðaði upp úr sem barn eru sennilega til enn þann dag í dag. Allir grænu sælgætispokarnir. Allar ídýfudósirnar. Um alla jörð safnast upp haugar af plasti. Plastflöskur, plastpokar, plastlok, plaströr, sígarettustubbar, eyrnapinnar – plast og meira plast.

Alltof oft endar plastið úti á víðavangi, flýtur niður ár og læki og endar í vötnum og úti í sjó. Milljónir tonna af plasti enda í hafinu á hverju einasta ári, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lífríki Jarðar. Plast hverfur auk þess ekki eða eyðist heldur brotnar niður í smærri og smærri hluta og verður að endingu að örplasti sem ekki er betra fyrir umhverfið. Þessa plastmengun verðum við að stöðva og það með öllum tiltækum ráðum. Þegar ég varð ráðherra umhverfismála ákvað ég að plastmálin yrðu eitt af mínum forgangsmálum. Á þessu ári hefur ráðuneytið úthlutað verkefnastyrkjum til ýmissa plast- og strandhreinsunarverkefna og fleiri verkefni eru fram undan sem verða kynnt nú í september.

Ég legg áherslu á að við nálgumst plastmálin heildstætt. Að við setjum sem dæmi niður fyrir okkur hvaða rannsóknir og hvers kyns vöktun sé nauðsynleg, ráðumst í beinar aðgerðir til að draga úr plastnotkun, svo sem með skattlagningu eða banni á ákveðnum gerðum af einnota plasti, og rýnum í það hvernig best sé að stuðla að nýsköpun á vörum sem koma í stað plasts. Starfshópi sem ég kom á laggirnar fyrr á árinu er falið að koma með tillögur er þetta varðar. Þá mun ég í erlendu samstarfi leggja sérstaka áherslu á varnir gegn plastmengun, enda er hún sameiginlegt viðfangsefni okkar allra.

Plastlaus september er hafinn. Átakinu er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um ofgnótt og skaðsemi plasts í umhverfinu og benda á leiðir til að draga úr notkun á einnota plasti. Ég fagna framtakinu einlæglega og þeirri miklu vitundarvakningu sem hefur orðið. Tökum öll þátt og notum minna plast í september – og alla hina mánuðina.

**Ég legg áherslu á að við nálgumst plastmálin heildstætt. Að við setjum sem dæmi niður fyrir okkur hvaða rannsóknir og hvers kyns vöktun sé nauðsynleg.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ótímabær umræða um fyrirgefningu, iðrun og yfirbót




Guðrún Ebba Ólafsdóttir
f.h. ráðs Rótarinnar

Kristín I. Pálsdóttir
f.h. ráðs Rótarinnar

Heimspekingurinn Kathryn Norlock setur fram femínísku kenningu um fyrirgefninguna í bókinni „Forgiveness from a feminist perspective". Kyn er lykilhugtak þegar kemur að því að rýna í hugtakið „fyrirgefning" og Norlock færir fyrir því rök að það sé rík tilhneiging til að ætlast til fyrirgefningar af hendi kvenna, en mun síður karla, og að sáttfýsi og fúsleikinn til að fyrirgefa sé iðulega tengdur kvenleikanum. Þá bendir Norlock á að fyrirgefninguna verði alltaf að skoða út frá tengslum þeirra sem fyrirgefa og er fyrirgefið og að hefð sé fyrir því að horfa á fyrirgefninguna með augum heimspekingsins Kants, sem gerði ráð fyrir því að hún ætti sér stað á milli jafningja. Fyrirgefningin er hins vegar alltaf háð samhengi og valdatengslum og þar komum við aftur að kyninu þar sem sambönd okkar og valdastaða eru verulega háð því af hvaða kyni við erum. Það er því gagnslítið að ræða um fyrirgefninguna í tengslalausu tómarúmi.

Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði, hefur einmitt skrifað áhugaverða grein, „Að fyrirgefa ekki – gildi gremjunnar fyrir einstaklinga og samfélög", þar sem hún bendir annars vegar á að sumt sé einfaldlega ófyrirgefanlegt og að í kristninni sé það aðeins Guð sem geti mögulega fyrirgefið hið ófyrirgefanlega. Hin kristna sýn er sú að það sé bara sá sem valdið hefur sem getur fyrirgefið.

Það samrýmist því hvorki kristinni siðfræði né femínískri sýn á fyrirgefninguna að látið sé í veðri vaka að þolendur kynferðisofbeldis skuldi gerendum fyrirgefningu, eða nokkuð annað.

> En hvað svo? Má ekki tala um gerendur þessa sama ofbeldis nema þeir séu af lægri stéttum? Eigum við að hafa jafnvel enn meira umburðarlyndi þegar kemur að fólki sem treyst hefur verið fyrir valdi og ábyrgð yfir öðru fólki af stofnunum samfélagsins?

Því vakti það talsverða undrun og jafnvel gremju, sem er víst ekki mjög dömuleg tilfinning, að lesa greinina „Nauðgunarmenningin" eftir Bjarna Karlsson, prest og MA í kynlífssiðfræði, sem birtist í Fréttablaðinu 30. ágúst. Greinin fer ágætlega af stað og fjallar um stöðu kvenna og valdaleysi í samfélaginu, í samhengi við yfirráð karla, og leiðist svo út í umfjöllun um #metoo-byltinguna. Bjarni skriplar þó heldur betur á skötunni þegar hann endar greinina á því að fordæma það að fjallað sé um kynferðisbrotamenn í fjölmiðlum og kallar eftir því að samfélagið kunni skil á „iðrun, yfirbót og fyrirgefningu" og segir svo að samfélag manna muni „ekki dafna ef við kunnum ekki að endurreisa fólk".



Það er ekki alveg ljóst af skrifum Bjarna hverjir það eru sem eiga að iðrast, sýna yfirbót og fyrirgefa en svo virðist sem að það séu jafnvel blaðamenn og aðrir sem halda umræðu um kynferðisofbeldi og gerendur þess á lofti. Þetta er vægast sagt furðulegt niðurlag greinar sem hefst á umræðu um hvað allt sé að opnast, nú megi ræða kynferðisbrot og skila skömminni, bæði konur og karlar. En hvað svo? Má ekki tala um gerendur þessa sama ofbeldis nema þeir séu af lægri stéttum? Eigum við að hafa jafnvel enn meira umburðarlyndi þegar kemur að fólki sem treyst hefur verið fyrir valdi og ábyrgð yfir öðru fólki af stofnunum samfélagsins?

**Forréttindablinda**

Það er ansi langt í að réttlætinu sé fullnægt gagnvart þolendum kynferðisofbeldis á Íslandi, og ótal gögn staðfesta það. Nægir þar að benda á tölfræði um sakfellingar í kynferðisbrotamálum, rannsóknir á forréttindablindu dómara, og annarra starfsmanna réttarkerfisins, og nýleg dæmi um sýknudóma sem ofbjóða réttlætistilfinningu þorra landsmanna.

Ofbeldismenn axla alla jafna ekki ábyrgð á gjörðum sínum né játa sekt sína. Fátítt er að heyra um iðrun þeirra eða yfirbót. Aðeins eitt dæmi kemur t.d. upp í hugann um mann sem viðurkenndi að hafa nauðgað og þar sem slíkt er svo sjaldgæft vakti það heimsathygli.

Á meðan staða mála er þannig að það komist í heimsfréttir ef kynferðisbrotamaður axlar ábyrgð á gjörðum sínum ættum við alls ekki að vera að ræða um fyrirgefninguna í þessu samhengi og það er spurning hvað hún á almennt mikið erindi í umræðu um kynferðisofbeldi.

Til er saga um mann sem stolið var af og fékk upp frá því viðurnefnið þjófur. Yfirskrift Bjarna á grein sinni, „Nauðgunarmenningin", kallar á nauðsyn þess að við beinum sjónum að þeim sem nauðga. Annars munum við búa við óbreytt ástand og þá var til lítils af stað farið með #metoo.

Þegar fólk hefur brotið gegn ákveðnum siðferðislegum viðmiðum samfélagsins er hreinlega ekki aftur snúið, það á ekki aftur erindi inn á ákveðin svið og þarf að haga lífi sínu í takt við það. Það fer best á því að styðja fólk í því að skilja að gjörðir hafa afleiðingar og ekki bara lagalegar. Ákveðnar brýr hafa brotnað og verða ekki aftur færar einstaklingum sem gerst hafa sekir um „hið ófyrirgefanlega".



# Leiðarlok eftir dapra frammistöðu

**Íslenska kvennalandsliðið gerði 1-1 jafntefli við það tékkneska í gær og komst þar af leiðandi ekki í umspil um sæti á HM. Frammistaðan í seinni hálfleik var afleit. Þetta var síðasti leikur Freys Alexanderssonar með landsliðið en hann er hættur eftir fimm ára starf.**



**Sara Björk Gunnarsdóttir gat ekki leynt vonbrigðum sínum eftir leikinn gegn Tékkum. Hún fékk gullið tækifæri til að tryggja Íslandi sigurinn í uppbótartíma en klikkaði á vítaspyrnu. Hún lék sinn 120. landsleik í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FÓTBOLTI** Draumur íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta um að komast á HM er úr sögunni eftir 1-1 jafntefli við Tékkland á Laugardalsvellinum í gær. Sömu úrslit urðu í fyrri leik liðanna. Ísland endaði í 2. sæti síns riðils í undankeppni HM en stigafjöldinn nægði ekki til að komast í umspil. Þetta var síðasti leikur íslenska liðsins undir stjórn Freys Alexanderssonar.

Ísland lenti undir á 11. mínútu þegar Guðbjörg Gunnarsdóttir missti skalla Terezu Szewieczková klaufalega inn fyrir línuna. Íslenska liðið átti góðan kafla í kjölfar marksins, skalla í slá og stöng og hefði átt að fá vítaspyrnu þegar Elínu Mettu Jensen var brugðið í teignum. En allt kom fyrir ekki.

Fyrstu 40 mínúturnar í seinni hálfleik voru ömurlegar af Íslands hálfu og sennilega það versta sem liðið hefur sýnt frá leiknum gegn Austurríki á EM í fyrra. Það heyrði til tíðinda ef sending rataði á samherja og sóknin var bitlaus. Íslenska liðið mátti vera svekkt með að vera undir í hálfleik en spilamennskan í seinni hálfleik var langt frá því að vera nógu góð. Gestirnir frá Tékklandi höfðu aftur á móti fín tök á leiknum og léku af skynsemi.

Eitt vopn bregst þó aldrei og það eru löngu innköstin hennar Sifjar Atladóttur. Þau sköpuðu mikla hættu á lokakaflanum og þá fyrst náðu Íslendingar að þjarma almennilega að Tékkum.

Á 83. mínútu var bjargað á línu frá Glódísi Perlu Viggósdóttur eftir langt innkast Sifjar. Fjórum mínútum síðar skoraði Glódís svo með góðu vinstri fótar skoti eftir enn eitt innkast Sifjar. Þetta var hennar fjórða landsliðsmark á árinu og það sjötta í heildina. Glódís, sem er aðeins 23 ára, lék sinn 70. landsleik í gær og var besti leikmaður íslenska liðsins.

Þegar mínúta var komin fram yfir venjulegan leiktíma fékk Ísland vítaspyrnu eftir að brotið var á Elínu Mettu inni í teignum. Sara Björk Gunnarsdóttir fór á punktinn en Barbora Voítková kórónaði frábæran leik sinn með því að verja spyrnu hennar. Berglind Björg Þorvaldsdóttir fékk dauðafæri skömmu síðar en skallaði framhjá.

Tækifærin skorti ekki en íslenska liðið náði ekki að skora markið sem hefði tryggt því sæti í fjögurra liða umspili um sæti á HM. Eitt mark til viðbótar og Ísland hefði farið í umspilið á kostnað Danmerkur. Íslenska liðið byrjaði undankeppnina frábærlega og kom sér í góða stöðu með sigrinum á Þýskalandi fyrir ári. En liðið náði sér ekki jafn vel á strik í haustleikjunum að þessu sinni og því fór sem fór.

Eftir leikinn í gær tilkynnti Freyr að hann væri hættur þjálfun landsliðsins eftir fimm ára starf.

„Fyrst við komumst ekki í umspilið þá er þetta síðasti leikur minn við stjórnvölinn. Það er ekki hægt að hætta á meira svekkjandi hátt. Við fáum á okkur mark sem við hefðum hæglega getað komið í veg fyrir og hinum megin fengum við nógu mörg góð færi til þess að gera út um leikinn,“ sagði Freyr vonsvikinn í samtali við Fréttablaðið eftir leik.

> **Það er ekki hægt að hætta á meira svekkjandi hátt.**
>
> Freyr Alexandersson

„Við fengum svo kjörið tækifæri til þess að komast í umspilið í uppbótartíma og ég treysti Söru Björk til þess að klára verkið og ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun. Ég myndi gera það sama aftur en því miður brást henni bogalistin að þessu sinni.“

Freyr kom Íslandi inn á EM 2017 en liðið fór afar sannfærandi í gegnum undankeppnina. En þegar á stóra sviðið var komið gekk illa og Íslendingar töpuðu öllum þremur leikjum sínum í Hollandi. Byrjunin á þessari undankeppni lofaði sannarlega góðu og í næstsíðasta leik átti Ísland möguleika á að tryggja sér sæti beint á HM. Það tókst ekki og HM-draumurinn hvarf endanlega í gær. Tékkneska liðið er í mikilli sókn en jafnteflin gegn því svíða svakalega.

„Ég kveð þetta lið og starfsmenn í kringum liðið með gríðarlegum söknuði,“ sagði Freyr um leiðarlokin. „Umgjörðin í kringum liðið hefur batnað umtalsvert síðan ég tók við liðinu og ég er mjög þakklátur fyrir það. Ég hef bundist sterkum tengslum við leikmenn liðsins og það verður skrýtin tilfinning að vera ekki áfram í kringum liðið.“

**ingvithor@frettabladid.is**

### Undankeppni HM 2019

**Ísland 1-1 Tékkland**
(0-1)

**0-1** Tereza Szewieczkova (12.), **1-1** Glódís Perla Viggósdóttir (87.).
**Byrjunarlið Íslands (4-3-3):** Guðbjörg Gunnarsdóttir; Ingibjörg Sigurðardóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Sif Atladóttir, Hallbera Gísladóttir; Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (74. Berglind Björg Þorvaldsdóttir), Sara Björk Gunnarsdóttir, Sigríður Lára Garðarsdóttir; Selma Sól Magnúsdóttir (67. Agla María Albertsdóttir), Elín Metta Jensen, Fanndís Friðriksdóttir.





HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN
120 ÁRA AFMÆLI KING KOIL
KING KOIL
FRAMÚRSKARANDI
FULLKOMNUN
GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018
Stærð Queen (153x203 cm)
AFMÆLISVERÐ
154.070 kr.
13.693 kr.* á mánuði með kredikortaláni
Fullt verð 256.783 kr.
KING KOIL ALPINE PLUSH
Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.
Queen
13.693 kr.
á mánuði*
40%
AFSLÁTTUR
AF KING KOIL RÚMUM
King
18.816 kr.
á mánuði*
Stærð King (193x203 cm)
AFMÆLISVERÐ
213.459 kr.
18.816 kr.* á mánuði með kredikortaláni
Fullt verð 355.765 kr.
KING KOIL
120 ÁRA
1898-2018
**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald
*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is



†

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Erling Garðar Jónasson**

fyrrverandi rafveitustjóri,

lést 30. ágúst síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 6. september næstkomandi kl. 13.00.

**Jóhanna Guðnadóttir**
**Karl Guðni Erlingsson**
**Irma Jóhanna Erlingsdóttir**
**Rósa Guðrún Erlingsdóttir**
**Jónas Garðar Erlingsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalheiður Helgadóttir**

Hjaltabakka 8,

lést á Grund fimmtudaginn 23. ágúst. Útför hennar fór fram í kyrrþey 30. ágúst. Starfsfólki á deild V-3 á Grund eru færðar alúðarþakkir fyrir góða umönnun. Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð.

**Harpa Jósefsdóttir Amin** **Vigfús Amin**
**Torfi Karl Antonsson**
**Díana Jósefsdóttir** **Úlfur Eggertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



☉

Bróðir minn,

**Hallgrímur Sigurður Sveinsson**

er látinn.
Kveðjuathöfn verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 7. september kl. 13.00.

**Björg Sveinsdóttir**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Adolf Jakob Berndsen**

Bankastræti 9, Skagaströnd,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Sæborg á Skagaströnd mánudaginn 27. ágúst. Útför hans fer fram frá Hólaneskirkju föstudaginn 7. september klukkan 14.

**Hjördís Sigurðardóttir**
**Adolf Hjörvar Berndsen** **Dagný Marín Sigmarsdóttir**
**Guðrún Björg Berndsen** **Lúðvík Jóhann Ásgeirsson**
**Steinunn Berndsen** **Gísli Snorrason**
**Hendrik Berndsen** **Bára Björnsdóttir**
**Sigurður Berndsen** **Harpa Vigfúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Gísladóttir**

áður til heimilis
að Sunnubraut 2, Keflavík,

sem lést miðvikudaginn 22. ágúst verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 7. september klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Þorsteinn Bjarnason** **Kristjana B. Héðinsdóttir**
**Bjarni Þorsteinsson** **Embla Uggadóttir**
**Ingibjörg Þorsteinsdóttir** **Sölvi Dúnn Snæbjörnsson**
**Heimir Bjarnason**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Hinn nýi Börkur verður smíðaður fyrir flotvörpu- og hringnótaveiðar. Lengd skipsins verður 88 metrar.** MYND/SVN

# Betri Börkur í bígerð

**Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt að ganga til samninga við danska skipasmíðafyrirtækið Karstensens Skibsværft um smíði á uppsjávarskipi sem mun heita Börkur.**

Með nýjum Berki fáum við skip með öfluga kæligetu og allur aðbúnaður um borð verður mjög góður. Nýja skipið verður sparneytnara og burðarmeira, núverandi Börkur er með 2.500 rúmmetra lestir á meðan sá nýi verður með rúmlega 3.400 rúmmetra lestir,“ segir Gunnþór B. Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar en stjórn Síldarvinnslunnar, hefur samþykkt að ganga til samninga við danska skipasmíðafyrirtækið Karstensens Skibsværft AS um smíði á nýju uppsjávarskipi.

Mun skipið fá nafnið Börkur og verður það væntanlega afhent Síldarvinnslunni í lok árs 2020. Nýi Börkur mun leysa af hólmi núverandi Börk sem verið hefur í eigu Síldarvinnslunnar frá árinu 2014, en nýsmíðin verður fimmta skipið í eigu fyrirtækisins sem ber þetta nafn.

**3.400**

**rúmmetra lest verður í nýja skipinu, sem er umtalsvert meira en í núverandi skipi.**

„Þetta er mjög spennandi verkefni og fellur vel að framtíðarsýn okkar hvað snertir veiðar og vinnslu uppsjávartegunda. Það er ljóst að miklar sveiflur í kvótum einkenna veiði úr okkar helstu fiskistofnum. Sem dæmi vitum við ekki núna hvort Síldarvinnslan er að fara að veiða 70 þúsund tonn eða 7 þúsund tonn á komandi loðnuvertíð,“ segir Gunnþór.

Karstensens er með höfuðstöðvar sínar í Skagen í Danmörku, en auk þess rekur fyrirtækið skipasmíðastöð í Gdynia í Póllandi. Gert er ráð fyrir að skrokkur skipsins verði smíðaður í Póllandi. Skipið verði síðan dregið til Danmerkur þar sem það verður fullklárað. Karstensens hefur verið leiðandi í smíði uppsjávarskipa undanfarin ár en fyrirtækið hefur verið að afhenda 6-7 skip ári að undanförnu.

Hinn nýi Börkur verður smíðaður fyrir flotvörpu- og hringnótaveiðar. Lengd skipsins verður 88 metrar, breiddin 16,6 metrar og dýptin 9,6 metrar. Vistarverur í skipinu verða fyrir 16.

„Við höfum kynnt okkur vel þau uppsjávarskip sem smíðuð hafa verið að undanförnu og hafa skipin frá Karstensens reynst vel, enda er mikil reynsla þar innanbúðar hvað varðar smíði á uppsjávarskipum.“ **benediktboas@frettabladid.is**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gréta Pálsdóttir**

Sunnubraut 26, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi aðfaranótt 30. ágúst. Útför fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 7. september kl. 13.00.

**Arnar Arinbjarnar** **Arnfríður Tómasdóttir**
**Halldór Arinbjarnar** **Karin Pálsson**
**Guðrún Arinbjarnar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Bergsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

lést á Landspítalanum þann 25. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gunnar Sveinbjörn Jónsson**
**Sara Gunnarsdóttir** **Þorkell Jóhannsson**
**Bergur Gunnarsson** **Hrönn Arnarsdóttir**
**Ólöf Gunnarsdóttir** **Ragnar Þór Jörgensen**
**Auður Gunnarsdóttir** **Gunnar Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Ásthildur Salbergsdóttir**

Grænlandsleið 49,

lést á Líknardeild LSH sunnudaginn 2. september. Jarðarförin auglýst síðar. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Líknardeildar og Heimahlynningar LSH.

**Friðrik F. Söebech**
**Berglind Söebech**
**Þórarinn Söebech** **Stefanía Unnarsdóttir**
**Birta Kristín, Ásta Fanney, Friðrik Fannar**
**Vilhelmína Þórdís Salbergsdóttir**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reynir Valdemar Óskarsson**

Kjóalandi 11, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 21. ágúst. Útförin hefur farið fram.

**Martha Vest**
**Freyr Ásgeir Guðmundsson** **Arnbjörg Gylfadóttir Blöndal**
**Jakob Vest Reynisson**
**Aðalheiður Reynisdóttir** **Björgvin Arnar Björgvinsson**
**Aron Örn Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. september 2018 | 32. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Hóteleigendur snúa bökum saman

Hóteleigendur haft skerpt á hagsmunabaráttu sinni með stofnun FHG – Fyrirtækja í hótel- og gistiþjónustu. „Okkar hógværa ósk er að það verði heilbrigt rekstrarumhverfi í greininni,“ segir Kristófer Oliversson, nýkjörinn formaður FHG og framkvæmdastjóri CenterHotels.

»6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




»2

## Vogunarsjóðurinn hyggst eiga Lykil áfram

Davidson Kempner áformar að eiga hlut sinn í fjármögnunarfélaginu Lykli til næstu ára. Eigendur Lykils hafa í hyggju að auka umsvif félagsins. TM vildi seljendalán til að fjármagna kaupin.

»4

## Spá 3,3 milljarða tapi WOW air á árinu 2018

Sérfræðingar Pareto segja flugfélagið þurfa nauðsynlega að bæta rekstrarafkomuna. WOW air hyggst birta fjárhagsupplýsingar eftir hvern ársfjórðung. Flugfélagið mun leigja frá sér þrjár A321-vélar í vetur.

»10

## Launakostnaður í iðnaði stóraukist frá 2010

„Laun í framleiðsluiðnaði hafa hækkað um 140% frá fyrsta ársfjórðungi 2010 mælt í evrum en til samanburðar hækkuðu laun í þeim hluta iðnaðarins um 20% í ESB-ríkjunum á sama tíma,“ segir Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur SI, í aðsendri grein.





Einstök barnagleraugu frá Lindberg. Þau hafa hlotið fjölda viðurkenninga um heim allan.

94 international design awards

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



# Söluhagnaður Hreggviðs 1,7 milljarðar króna


**Hreggviður Jónsson, aðaleigandi Veritas Capital.**

Hagnaður félags Hreggviðs Jónssonar, forstjóra Veritas Capital og stjórnarformanns Festar, af sölu á 12 prósenta hlut þess í Festi til N1 nemur tæplega 1,7 milljörðum króna. Þetta má lesa út úr nýbirtum ársreikningi Holdors, eignarhaldsfélags Hreggviðs.

Hlutur Hreggviðs í samlagshlutafélaginu SF V, eiganda Festar, var metinn á 2.774 milljónir króna í bókum Holdors í lok síðasta árs en tekið er fram í ársreikningnum að virði hlutarins byggi á söluverði smásölukeðjunnar. Til samanburðar greiddi Hreggviður 1.090 milljónir króna fyrir hlutinn árið 2014.

Eignarhaldsfélag Holdors hagnaðist alls um 1.861 milljón króna í fyrra en 44 milljóna króna tap varð af rekstri félagsins árið 2016.

Hreggviður var stærsti einstaki einkafjárfestirinn í hluthafahópi Festar með 12 prósenta hlut en í kjölfar kaupa N1 á smásölukeðjunni eignast hann um 2,9 prósenta hlut í olíufélaginu að virði um 1,2 milljarðar króna. Er hann þannig stærsti einstaki einkafjárfestirinn í N1.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að fjárfesting Hreggviðs í SF V hafi verið fjármögnuð með nýjum lánum að fjárhæð 890 milljónir króna á meðan innborgað hlutafé nam 200 milljónum króna.

Kaupverð N1 á Festi, sem rak meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og Elko, nam um 23,7 milljörðum króna en N1 tók yfir rekstur keðjunnar 1. september síðastliðinn.

Stærsti hluthafi SF V er framtakssjóðurinn SÍA II, í stýringu Stefnis, með 27,4 prósenta hlut. Aðrir hluthafar eru ýmsir lífeyrissjóðir með um 30 prósenta hlut, tryggingafélög og sjóðir með 15 prósent og þá eiga nokkrir einkafjárfestar samanlagt um fjórðungshlut. Þórður Már Jóhannesson, fjárfestir og fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, fer til að mynda með 6,5 prósenta hlut í SF V og Guðmundur Ásgeirsson, fyrrverandi eigandi Nesskipa, með 3,8 prósenta hlut. **– kij**

# Bókun metin á rúmlega milljarð króna árið 2017


**Hjalti Baldursson, forstjóri Bókunar.**

Norvik, sem er í eigu fjölskyldu Jóns Helga Guðmundssonar sem oft er kenndur við Byko, keypti tæplega 24 prósenta hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu Bókun fyrir um tvær milljónir evra, jafnvirði um 255 milljóna króna, árið 2017. Virði alls hlutafjár Bókunar var því 1,1 milljarður króna á þeim tíma miðað við þær upplýsingar sem birtast í ársreikningi Norvik og núverandi gengi gjaldmiðla.

Upplýst var í apríl síðastliðnum að TripAdvisor, sem rekur heimsþekkta ferðasíðu, hefði keypt Bókun. Hugbúnaður fyrirtækisins er mest notaða sölu- og birgðakerfið í íslenskri ferðaþjónustu.

Áður en fjölskylda Jóns Helga gekk í hluthafahópinn áttu Hjalti Baldursson, forstjóri Bókunar, og Ólafur Gauti Guðmundsson tæknistjóri félagið að fullu. Í fyrra lækkaði hlutur Hjalta í Bókun úr 62,5 prósentum í 44,7 prósent. Fram kemur í ársreikningi HIBB Holding, sem er í eigu Hjalta, að félagið hafi selt hluta af eign sinni í Bókun og tekið þátt í hlutafjáraukningu í félaginu.

Hjalti var framkvæmdastjóri Straumborgar, fjárfestingarfélags fjölskyldu Jóns Helga, á árunum 2005-2012.

Með kaupunum á Bókun mun TripAdvisor útvíkka vöruframboð sitt með því að þjónusta ferðaþjónustuaðila með rekstrar- og stjórnunarhugbúnaði til viðbótar við að starfrækja stærsta dreifingarnet í heiminum fyrir ferðir. **– hvj**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is





Lykill hefur á síðustu árum meðal annars selt hluti sína í VÍS, Símanum, Kviku og Bakkavör. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vogunarsjóðurinn hyggst eiga Lykil áfram

**Vilji bandaríska vogunarsjóðsins Davidson Kempner stendur til þess að eiga áfram hlut sinn í fjármögnunarfélaginu Lykli til næstu ára. Eigendur Lykils hafa í hyggju að auka umsvif félagsins. TM vildi seljendalán til að fjármagna kaupin.**

Bandaríski vogunarsjóðurinn Davidson Kempner, sem á um 75 prósenta hlut í Klakka, eignarhaldsfélagi sem heldur utan um 100 prósenta hlut í Lykli, áður Lýsingu, áformar að eiga að óbreyttu hlutinn í eignaleigufyrirtækinu til næstu ára eftir að viðræðum um kaup TM á fyrirtækinu var slitið fyrr í sumar.

Áformin voru kynnt hluthöfum Klakka, en íslenskir lífeyrissjóðir eiga samtals um sex prósenta hlut í eignarhaldsfélaginu, á aðalfundi félagsins um miðjan síðasta mánuð.

Ekki liggur fyrir hve lengi Davidson Kempner hyggst halda á eignarhlutnum í Lykli en þó er talið ljóst að hluturinn verði ólíklega settur í söluferli á nýjan leik innan að minnsta kosti tveggja ára.

Samkvæmt heimildum Markaðarins stendur vilji vogunarsjóðsins til þess að auka umsvif Lykils hér á landi og breikka vöruframboð félagsins. Lykill starfar á sviði eignafjármögnunar og fjármagnar meðal annars bíla-, véla- og tækjakaup.

Áform Klakka um að selja Lykil runnu út í sandinn eftir að það slitnaði upp úr viðræðum félagsins við TM í júlí. Ástæða viðræðuslitanna var einkum sú að tilboð tryggingafélagsins, sem hljóðaði upp á 10,6 milljarða króna, var ekki í samræmi við væntingar stjórnenda og eigenda Lykils.

Að sögn kunnugra hafði stjórn Klakka gert sér vonir um að selja Lykil á verði sem endurspeglaði að fullu bókfært eigið fé eignaleigufélagsins en það var ríflega 13,2 milljarðar í lok júní. Til samanburðar var tilboð TM á genginu 0,8 miðað við eigið fé félagsins. Talsverður hluti eigna Lykils er í formi reiðufjár, eða um 5,5 milljarðar í árslok 2017, og meðal annars af þeim sökum þótti stjórn Klakka ekki ástæða til að selja félagið á miklum afslætti miðað við eigið fé þess.

**Fór fram á seljendalán**

Samkvæmt heimildum Markaðarins fór TM jafnframt fram á að fá seljendalán til þess að fjármagna kaupin en fulltrúar Klakka vildu ekki fallast á það.

Þá hjálpaði það ekki til í söluferlinu, að sögn viðmælenda Markaðarins, að á sama tíma og ferlinu stóð hafi 29 prósenta hlutur í öðru fjármálafyrirtæki, Arion banka, verið seldur á genginu 0,67 fyrir hverja krónu eigin fjár. Er talið að gengi bankans í hlutafjárútboðinu, sem lauk um miðjan júní, hafi sett viðmið í verðlagningu sem fjárfestar tóku tillit til þegar þeir gerðu tilboð í Lykil. Hlutabréf í Arion banka ganga nú kaupum og sölum á genginu 0,81 sinnum eigið fé bankans.

Klakki setti Lykil í söluferli í desember í fyrra en norræni fjárfestingarbankinn Beringer Finance hafði umsjón með ferlinu.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, sagði á afkomufundi með fjárfestum í lok síðasta mánaðar að slitnað hefði upp úr viðræðunum þar sem „menn náðu ekki saman um stór atriði“. Mikil vinna hefði verið lögð í málið af hálfu félagsins og það væri vinna sem gæti nýst áfram í framtíðinni. Stjórnendur hefðu litið á kaupin sem „strategíska“ fjárfestingu og myndu áfram horfa til þess að auka vöruúrval þess.

„Þar er fjármögnunarstarfsemi klárlega eitthvað sem við lítum til ásamt fleiri fjármálatengdum afurðum,“ nefndi Sigurður.

Stærsti eigandi Klakka er sem fyrr segir vogunarsjóðurinn Davidson Kempner, í gegnum írska skúffufyrirtækið Burlington Management, með um 75 prósenta hlut. Sjóðurinn var einn stærsti kröfuhafi föllnu bankanna en sá sem hefur stýrt starfsemi sjóðsins hér á landi er sem kunnugt er Jeremey Clement Lowe, einnig þekktur sem „Herra Ísland“.

Auk ýmissa lífeyrissjóða eru aðrir hluthafar Klakka meðal annars félög á vegum bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona og Sigurðar Valtýssonar, viðskiptafélaga þeirra og fyrrverandi forstjóra Exista.

**hordur@frettabladid.is,**
**kristinningi@frettabladid.is**

**817**

**milljónir var hagnaður Lykils á fyrri árshelmingi.**

# Hagnaður GAMMA minnkaði um 93 prósent


**Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA.**

Hagnaður GAMMA Capital Management nam tæplega 30 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins og dróst saman um 93 prósent frá sama tíma fyrir ári. Þannig minnkuðu umsýslu- og árangurstengdar þóknanir um meira en helming og námu samtals 516 milljónum á tímabilinu, að því er fram kemur í árshlutareikningi.

Á sama tíma lækkaði rekstrarkostnaður félagsins um liðlega 120 milljónir og var 483 milljónir króna á fyrri árshelmingi. Það skýrist af því að annar rekstrarkostnaður GAMMA minnkaði um rúmlega 50 prósent á milli ára – úr 316 milljónum í 153 milljónir – á meðan launakostnaður hækkaði hins vegar um 15 prósent og var 330 milljónir.

Fram kemur í ársreikningnum að félagið hafi á tímabilinu fengið lán frá hluthöfum upp á rúmlega 138 milljónir króna. Handbært fé GAMMA var aðeins 13 milljónir um mitt þetta ár. Heildareignir voru um 3.463 milljónir króna en þar munar mest um langtímakröfur á fagfjárfestasjóði sem eru bókfærðar á 1.415 milljónir. Aðrar eignir eru meðal annars kröfur á tengda aðila sem námu 495 milljónum og meira en tvöfölduðust á árinu. Eiginfjárhlutfall GAMMA, en eignir í stýringu félagsins nema um 140 milljörðum, er um 68 prósent.

Stærstu hluthafar eru Gísli Hauksson, sem lét af störfum hjá félaginu í ársbyrjun, með 31 prósents hlut, og Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri Sjóða, með 29,7 prósenta hlut.

Í lok júní var tilkynnt um að Kvika og hluthafar GAMMA hefðu skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup bankans á öllu hlutafé GAMMA. Getur kaupverðið numið allt að 3,75 milljörðum miðað við fjárhagsstöðu félagsins í árslok 2017 og stöðu árangurstengdra þóknana sem á eftir að tekjufæra. **– hae**




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is




Apotek
Afternoon Tea

ALLA DAGA FRÁ 14.30–17.00

SAVOURY
Klassísk túnfisk samloka
Bleikja á vöfflu
Lambarillet á vöfflu
Önd á vöfflu

SWEET
Sumarsæla
Karamellu Crankie
Cherry delight
Makkarónur

| | |
|---|---|
| Afternoon tea | **2.890 kr.** á mann |
| Með glasi af Cava freyðivíni | **3.690 kr.** á mann |
| Með glasi af Bollinger Special Cuvée | **4.690 kr.** á mann |

VIÐ HÆFI DROTTNINGA!

APOTEK KITCHEN+BAR
Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / **apotek.is**







**Skúli Mogensen er forstjóri WOW air en skuldabréfaútboð félagsins gæti klárast í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Spá 3,3 milljarða króna tapi WOW air á árinu

**Sérfræðingar Pareto segja flugfélagið þurfa nauðsynlega að bæta rekstrarafkomuna. Stjórnendur WOW air hyggjast birta fjárhagsupplýsingar eftir hvern ársfjórðung. Flugfélagið mun leigja frá sér þrjár A321-vélar á komandi vetri.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Greinendur norska verðbréfafyrirtækisins Pareto Securities búast við því að WOW air skili tapi upp á 31 milljón dala, jafnvirði 3,3 milljarða króna miðað við núverandi gengi, eftir skatta á þessu ári. Þeir gera hins vegar ráð fyrir að viðsnúningur verði í rekstri flugfélagsins á næsta ári og að félagið hagnist þá um 17 milljónir dala. Til samanburðar tapaði WOW air 45 milljónum dala frá júlí 2017 til júní 2018.

Sérfræðingar Pareto telja það „lykilforsendu“ fyrir bættri fjárhagsstöðu flugfélagsins að ný farrými þess, „Premium“ og „Comfy“, haldi áfram að skila jákvæðri framlegð og stuðla að betri sætanýtingu. Þeir segja ljóst að til framtíðar verði rekstrarafkoma félagsins að batna.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í greiningu Pareto sem unnin var í tilefni af yfirstandandi skuldabréfaútboði WOW air og Markaðurinn hefur undir höndum. Pareto hefur yfirumsjón með útboðinu en verðbréfafyrirtækið Arctica Finance er söluráðgjafi flugfélagsins.

**Nálægt 15 prósenta ávöxtun**

Samkvæmt skilmálum útboðsins, sem Markaðurinn hefur jafnframt undir höndum, hyggst WOW air til að byrja með gefa út þriggja ára skuldabréf fyrir 50 milljónir evra, sem jafngildir 6,3 milljörðum króna, en félaginu er hins vegar heimilt að stækka útgáfuna svo hún nemi í mesta lagi 100 milljónum evra.

Fjárfestar sem taka þátt í skuldabréfaútboðinu fá kauprétt að hlutafé þegar félagið verður skráð á hlutabréfamarkað sem nemur helmingi af höfuðstól bréfanna.

Þeir sem kjósa að nýta kaupréttinn, sem verður að fullu framseljanlegur og gildir til fimm ára, innan 24 mánaða frá útgáfu skuldabréfanna munu fá að eignast hlutabréfin á gengi sem verður 20 prósentum lægra en skráningargengi félagsins.

**Afkomuspá WOW air**
Í milljónum dala

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 659 | 827 | 976 | 985 |
| Rekstrarkostnaður | 595 | 694 | 810 | 811 |
| EBITDA | -5 | 55 | 81 | 89 |
| EBIT | -27 | 33 | 59 | 67 |
| Hagnaður | -31 | 17 | 38 | 45 |

Nýti fjárfestar kaupréttinn síðar – meira en 24 mánuðum eftir útgáfu skuldabréfanna – fá þeir 25 prósenta afslátt af skráningargenginu.

Til þess að koma til móts við þarfir þeirra fjárfesta sem mega ekki eiga hlutabréf í félaginu, svo sem skuldabréfasjóða, er þeim gefinn sá kostur að skila félaginu 10 prósentum af skuldabréfum sínum og fá greitt í peningum á gengi sem skilar þeim sömu ávöxtun og ef þeir hefðu nýtt kauprétt að hlutabréfunum.

Ef ekkert verður af fyrirhuguðu hlutafjárútboði fyrir gjalddaga skuldabréfanna munu eigendur bréfanna meðal annars geta skipt þeim í hlutabréf á gengi sem miðast við að virði félagsins sé 200 milljónir dala. Er það mat Pareto að hver sem atburðarásin verði ætti ávöxtun af fjárfestingu í skuldabréfum WOW air að nema nærri 15 prósentum.

Skúli Mogensen, forstjóri og eini hluthafi WOW air, sagði í samtali við Fréttablaðið síðasta föstudag að erlendir fjárfestar hefðu þegar skráð sig til þess að kaupa verulegan hluta skuldabréfaútboðsins. Vextir á bréfunum verða í kringum níu prósent en Skúli sagði kjörin „ásættanleg miðað við markaðsaðstæður“.

Stjórnendur WOW air skuldbinda sig samkvæmt skilmálum útboðsins til þess að birta opinberlega árshlutareikninga félagsins fyrir hvern ársfjórðung ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að fjórðungi lýkur.

**Verða að bæta afkomuna**

Í greiningu Pareto er bent á að WOW air starfi á afar hörðum samkeppnismarkaði, sér í lagi í flugi yfir Atlantshafið, og að lág flugfargjöld hafi síðustu árin leitt til minni tekna flugfélaga fyrir hvern floginn kílómetra. Þessi þróun, samfara hækkandi eldsneytiskostnaði, sem er jafnan næststærsti kostnaðarliður flugfélaga, hafi þrýst framlegð niður.

> **Verjist betur olíuverðslækkunum**
>
> Greinendur Pareto kalla eftir því að WOW air leggi meiri áherslu á að verjast lækkun á olíuverði. Hækkandi verð á flugvéleldsneyti – það hefur hækkað um meira en 40 prósent síðustu tólf mánuði – komi sérstaklega illa niður á flugfélögum sem verji ekki eldsneytiskaup sín, líkt og WOW air.
>
> Pareto tekur þó jákvætt í þau orð stjórnenda íslenska flugfélagsins að þeir fylgist vel með stöðu mála og útiloki ekki að gera í framtíðinni framvirka samninga um eldsneytiskaup.

Flugfélagið þurfi af þeim sökum nauðsynlega að bæta afkomu sína. Greinendur verðbréfafyrirtækisins taka fram að það hafi þegar sýnt sig að hin nýju farrými flugfélagsins – Premium og Comfy – skili umtalsvert hærri framlegð á hvern farþega borið saman við þá sem fljúga á grunnfargjöldum félagsins.

Er það skilningur Pareto að í framtíðinni komi opnun nýrrar starfsstöðvar til greina af hálfu stjórnenda WOW air en að sú verði líklegast ekki raunin fyrr en félagið hafi tryggt sér aukið hlutafé. Telur Pareto að ef flugfélagið ákveði að opna nýja starfsstöð geti það gerst í Asíu. Slík opnun sé til þess fallin að jafna árstíðasveiflur í rekstrinum.

Þá er það mat Pareto að áform WOW air um að leigja frá sér þrjár vélar af gerðinni A321 frá og með komandi vetri muni hafa jákvæð áhrif á rekstur félagsins. Sem markmiðið með leigunni að draga úr kostnaði og bæta flotastýringu þess.

# Vissir þú að…

## … fyrir hvert tré sem Oddi notar við framleiðslu sína eru **gróðursett 2** í staðinn?

ODDI

Oddi hefur áratugum saman lagt áherslu á umhverfismál í sinni starfsemi, bæði í framleiðslunni sjálfri sem og í vali á hráefnum. Við fylgjumst vel með kolefnisspori framleiðsluvara okkar með það að markmiði að minnka losun og vinna í sátt við umhverfið. Við framleiðslu sína notar Oddi viðurkenndan FSC pappír en hann er uppruninn úr skógum sem stjórnað er með sjálfbærum hætti.

Góður árangur í rekstri byggir á skynsamlegum ákvörðunum. Áratuga þekking okkar og reynsla tryggja þér fyrsta flokks ráðgjöf og aðstoð við greiningu á þínum þörfum. Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna þá lausn sem hentar þínum rekstri best.



**Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000** **www.oddi.is**

# Airbnb „meinvarp“ í viðskiptalífinu

**„Okkar hógværa ósk er að það verði heilbrigt rekstrarumhverfi í greininni,“ segir Kristófer Oliversson, nýkjörinn formaður FHG – Fyrirtækja í hótel- og gistiþjónustu og framkvæmdastjóri CenterHotels. Afnema þurfi gistináttaskatt, koma böndum á óleyfilega heimagistingu og hækkun fasteignagjalda sé afar íþyngjandi fyrir hótelgeirann.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Hótel og gistihús hafa tekið höndum saman og stofnað eigin samtök. „Undanfarin 20 ár hafa Samtök ferðaþjónustunnar haldið á okkar hagsmunamálum, en SAF eru nokkurs konar regnhlífarsamtök allra ferðaþjónustuaðila. Þar á undan vorum við í SVG, Samtökum veitinga- og gistihúsaeigenda. Á öllum Vesturlöndum eru starfandi sérstök samtök hótela og gistahúsa og í ljósi þess að umfang ferðaþjónustu hefur vaxið hratt hérlendis teljum við að það sé nauðsynlegt að halda betur utan um okkar hagsmunamál og láta rödd okkar heyrast,“ segir Kristófer Oliversson, nýkjörinn formaður FHG – Fyrirtækja í hótel- og gistiþjónustu og framkvæmdastjóri og eigandi CenterHotels. Keðjan rekur sex hótel: Plaza, Miðgarð, Arnarhvol, Þingholt, Klöpp og Skjaldbreið og er með tvö hótel í undirbúningi, sem verða opnuð á næsta ári.

„Okkar hógværa ósk er að það verði heilbrigt rekstrarumhverfi í greininni og það verður meginverkefni FHG á næstu misserum. Margt jákvætt hefur gerst en það er margt sem þarf að bæta eins og að afnema gistináttaskatt og koma böndum á óleyfilega heimagistingu auk þess sem hækkun fasteignagjalda er mjög íþyngjandi fyrir hótelgeirann. Flestir félagsmenn – ég þar með talinn – eru hins vegar í Samtökum ferðaþjónustunnar. Þetta framtak er ekki til höfuðs þeim.“



**„Á undanförnum árum hafa hótel oft verið byggð á forsendum byggingarverktaka eða fasteignaeigenda. Því næst er leitað til rekstraraðila,“ segir Kristófer Oliversson, framkvæmdastjóri og eigandi CenterHotels.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Gistináttaskattur er ósanngjarn**

Hann segir að það sé ósanngjarnt að leggja gistináttaskatt – sem upphaflega hafi átt að fjármagna uppbyggingu á ferðamannastöðum – á eingöngu hluta af ferðamönnum. „Lögleg hótel og gistiheimili greiða skattinn en ekki leyfislaus gisting sem er umfangsmikil, skemmtiferðaskip, húsbílar eða orlofshús. Að okkar mati eru engar forsendur fyrir því að leggja sértækan skatt á hótelgeirann umfram aðrar atvinnugreinar.“

Að sögn Kristófers er ekki innheimtur gistináttaskattur í hinum norrænu ríkjunum. „Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur lagði hann á árið 2012. Hann kom í kjölfar erfiðra ára í ferðaþjónustu, skömmu eftir bankahrun 2008 og eldgos í Eyjafjallajökli 2010. Hótelin voru því enn í sárum að reyna að byggja upp reksturinn. Upphaflega var skatturinn einungis hundrað krónur á hverja selda gistieiningu en hann var þrefaldaður á síðasta ári. Það er gömul saga og ný að fyrst er lagður á lágur skattur og síðan er hann snarhækkaður.

Nú er horft til þess í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að hann verði hlutfall af tekjum, veltuskattur, og renni til sveitarfélaga. Sjáðu til: 65 prósent af gistinóttum falla til í Reykjavík. Það mun því verða til nýr Reykjavíkurskattur sem rennur að mestu leyti í borgarsjóð, og síðan þarf að búa til flókið millifærslukerfi ef flytja á hluta skattsins til annarra sveitarfélaga. Upphaflega hugmyndin með skattinum var að fjármagna fjölsótta ferðamannastaði. Nú hefur verið sýnt fram á meðal annars af Stjórnstöð ferðamála að ferðaþjónustan er að skila gríðarlegum tekjum í ríkissjóð. Við teljum því ekki forsendur fyrir því að skattleggja litinn kima atvinnulífsins sérstaklega með þessum hætti.

> **Ég trúi því, eins og við náðum góðum tökum á sjávarútvegi, að við munum ná góðum tökum á ferðaþjónustunni.**

Það gætir misskilnings gagnvart ferðaþjónustu. Ég hef starfað í greininni í 25 ár. Af þeim hafa verið 20 mjög erfið ár í rekstri. Nú koma þrjú, fjögur góð ár og það er eins og þjóðfélagið fari á límingunum að reyna að skattleggja starfsemina og drepa í dróma aftur.

Þetta á ekki síst við úti á landi en landsbyggðin hefur notið góðs af auknum ferðmannastraumi, sem hefur skapað störf og bætt upp þá fækkun starfa sem hefur orðið víða vegna aukinnar samþjöppunar í sjávarútvegi og samdráttar í landbúnaði. Þess vegna er mikilvægt að ferðaþjónustan fái að blómstra, svo hún geti treyst byggð í landinu. Það má því ekki skattleggja hana í þrot á þessu uppbyggingarskeiði. Rétt er að minna á að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var neikvæður hjá hótelunum á landsbyggðinni fyrri hluta ársins 2017, samkvæmt samantekt KPMG, sem kynnt var í september í fyrra. Nú er staðan þannig að bankar hafa mikið til skrúfað fyrir frekari lánveitingar til hótelbygginga úti á landi og dregið mjög í land á höfuðborgarsvæðinu.“

*Með hvaða hætti á að fjármagna uppbyggingu á ferðamannastöðum?*

„Ferðaþjónustan skilar geysilega háum fjárhæðum í ríkissjóð meðal annars í gegnum virðisaukaskatt og vegaskatt o.fl. Það þarf því ekki að búa til sértækan skatt á hótelin til þess að fjármagna uppbygginu á fjölsóttum ferðamannastöðum.“

**90 daga reglan til trafala**

Kristófer telur óleyfilega heimagistingu á vegum Airbnb og svipaðra aðila „meinvarp“ í íslensku viðskiptalífi. Hann segir að hátt í helmingur framboðinna herbergja á höfuðborgarsvæðinu hafi verið í leyfislausri íbúðagistingu. Það sé mun meira en þekkist í öðrum borgum. „Airbnb-gisting er samkvæmt nýlegri lagabreytingu undanþegin virðisaukaskatti og gistináttaskatti og er ekki undir opinberu eftirliti. Það helgast af því að heimilt er að leigja íbúðir í 90 daga og hafa allt að 2 milljónir í tekjur án þess að greiða þessa skatta. Það er sami dagafjöldi og þegar gistiverð er hvað hæst yfir sumartímann. Reyndin hefur því miður verið að útilokað hefur reynst að fylgja þessum lögum og þau hafa ruglað markaðinn og gert allt eftirlit erfiðara. Engin leið virðist vera að fylgjast með því hvort eign sé í leigu í fleiri en 90 daga auk þess sem boðið er upp á að tekjurnar fari beint inn á reikning erlendis.

Heimagistingin reynir mun meira á þolmörk íbúanna en hótelgisting. Ferðamenn valda þeim sem búa í fjölbýlishúsum miklu ónæði. Þeir draga inn töskur dag og nótt og rekast illa með íbúum. Það leiðir til þess að Íslendingar tala illa um ferðaþjónustu. Það eru margir hektarar í raun undir í atvinnustarfsemi sem eru skipulagðir undir íbúðir í Reykjavík. Borgaryfirvöld hafa sett kvóta á byggingu hótela í miðbænum. Það er því búið að skilgreina hvar megi reka gistiþjónustu og hvar ekki en með Airbnb er auðvelt að sneiða hjá reglunum. Airbnb hefur haft veruleg áhrif á miðborgina. Eftirspurn eftir leikskólum og annarri þjónustu hefur minnkað því íbúarnir hverfa á braut. Allir eiga að spila eftir sömu leikreglum og vonandi tekst okkur að fá borgina í lið með okkur að fást við hið raunverulega vandamál í miðborginni, sem er heimagistingin.

Sveitarstjóri í Mýrdalshreppi hefur sagt í fjölmiðlum að sveitarfélagið hafi fyrir einhverjum árum hætt að veita gistileyfi í bænum. Þegar Airbnb ruddi sér til rúms var allt í einu hægt með löglegum hætti að leigja út íbúðir til ferðamanna og það er erfitt fyrir bæjaryfirvöld að fylgjast með hverjir hafi leigt eignina lengur en í 90 daga. Þetta getur haft mikil ruðningsáhrif á samfélagið þegar hluti bæjarbúa kýs að flytja úr bænum verulegan hluta af árinu og leigir heimilin til ferðamanna.

Það er raunar líka hættan í Reykjavík. Eftirspurnin eftir heimagistingu í Reykjavík er nefnilega svo mikil að hægt væri að leggja meira og minna allar íbúðir í miðborginni undir ferðamenn. Það hefur verulega neikvæð áhrif á samfélagið. Eitt versta dæmið sem við þekkjum eru Feneyjar á Ítalíu, þar sem flestir íbúarnir eru farnir og lítil sem engin þjónusta er fyrir bæjarbúa. Ferðamenn flæða yfir borgina í óþökk íbúanna.

Hefði Airbnb-gistingu í borginni strax verið sett eðlileg mörk hefðu mögulega fleiri ferðamenn farið út á land og stuðlað að hraðari uppbyggingu þar, því hótelin í Reykjavík önnuðu ekki eftirspurninni. Það hefði verið heilladrjúgt fyrir landsbyggðina. Það voru mikil mistök að breyta lögunum og veita svo víðtækar undanþágur fyrir heimagistingu. Gömlu lögin voru ekki svo slæm ef grannt er skoðað,“ segir Kristófer.

*Mega þeir sem reka löglegan gistirekstur í hlutafélagi og leigja á Airbnb vera í félaginu?*

„Aðild að FHG geta átt fyrirtæki sem starfa við hótel- og gistiþjónustu enda hafi þau tilskilin leyfi í gildi. Þeir sem starfa í Airbnb þurfa ekki að afla rekstrarleyfa og eru undanþegnir þeim lögum sem gilda um fyrirtækjarekstur.“

Kristófer segir að það sé ekki sá mikli gróði í hótelrekstri sem margir hafi gert sér í hugarlund. „Fólk sér fjölda ferðamanna á hverju götuhorni og reiknar með að það drjúpi smjör af hverju strái hjá hótelum. Framlegðin af hótelrekstri er ekki meiri, ef vel tekst til, en hjá hverju öðru fyrirtæki.“

*Eru áfram tækifæri til að byggja upp fleiri hótel í Reykjavík eða er markaðurinn orðinn mettur?*

„Ég er sannfærður um að ef það tekst að koma böndum á ólöglega gistingu og allir á markaðnum keppi á sömu forsendum, verði eftirspurn svarað með frekari uppbyggingu. En uppbyggingin þarf að vera á forsendum hótelrekenda þegar það er spurn eftir henni. Á undanförnum árum hafa hótel oft verið byggð á forsendum byggingarverktaka eða fasteignaeigenda. Því næst er leitað til rekstraraðila og stundum eru ekki forsendur fyrir viðkomandi hótelbyggingu.“

**Munum ná tökum á ferðaþjónustunni**

*Hvernig horfir fjölgun ferðamanna við þér á næstu árum? Mun fjöldinn dragast saman?*

„Það var alltaf svigrúm til að fjölga

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 5. SEPTEMBER 2018



„Mér þykja gömlu leikföngin bæði falleg og skemmtileg enda eru þau svo frábærlega laus við að innihalda þessar ýktu kynhlutverkatýpur þar sem allt karlkyns er ofurhetjur og allt kvenkyns er prinsessur," segir María Hjálmtýsdóttir sem safnar ýmsum skemmtilegum munum úr fortíðinni. MYNDIR/ERNIR

# Fegurðin felst í sögunni

Fjölmargir skemmtilegir smámunir prýða heimili Maríu Hjálmtýsdóttur og fjölskyldu hennar. Hún vill hafa hluti í kringum sig sem henni þykja fallegir, segja sögur og tengjast fólki sem þeim þykir svo vænt um.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Heimili Maríu Hjálmtýsdóttur og fjölskyldu hennar er undirlagt gömlum og skemmtilegum hlutum sem hún og unnusti hennar, Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, hafa safnað að sér gegnum tíðina. María hefur sjálf alltaf safnað einhverju frá því hún var smástelpa en þá hóf hún að safna glansmyndum, límmiðum og servíettum. „Næst tóku við t.d. sólgleraugu, mexíkóskar indíánamussur, frímerki, leikaramyndir, Bravo-blöð og barmnælur og svo auðvitað póstkort. Sem unglingur þótti mér töff að safna bjórglösum en það safn er löngu týnt. Þegar ég komst á fullorðinsárin lét ég mér nægja að eiga Agöthu Christie-safn í kössum. Nú er lífið hins vegar

Framhald á síðu 2 →

Acid Soothe
- ertu með brjóstsviða?





Uppstillt leikföngin eru oft tekin niður til að leika með. Þarna má m.a. sjá skóhús sem er reyndar ekki frá Fisher Price en Maríu fannst svo fallegt.




Gamall sílófónn úr tré. Í baksýn má sjá nokkrar græjur fortíðarinnar sem voru eftirsóttar af börnum á sínum tíma.

Framhald af forsíðu ➪

orðið stabílt svo ég hef aftur komist í tengsl við minn innri söfnunarbrjálæðing.“

### Ekki svo sturluð

Sumar gersemarnar prýða heimili þeirra en aðrar eru týndar eða komnar á haugana. „Ég á enn glansmyndirnar og servíetturnar í kassa. Agöthu Christie-safnið er komið uppi í hillu og póstkortin mín eru í poka og bíða þess að eignast aftur vegg. Ég held að mussurnar séu flestar líka í geymslunni innan um dulbúningana sem kemur sér iðulega vel að eiga. Sólgleraugun eru því miður horfin og Bravo-blöðin gaf ég þýskudeildinni uppi í MK þar sem ég vinn. Í dag er ég helst að safna barnabókum sem ég tengi við barnæsku mína og gömlu Fisher Price-leikföngunum sem er sennilega komið af sömu nostalgíunni. Mér þykja gömlu leikföngin bæði falleg og skemmtileg enda eru þau svo frábærlega laus við að innihalda þessar ýktu kynhlutverkatýpur þar sem allt karlkyns er ofurhetjur og allt kvenkyns er prinsessur. Svo á ég líka lítið safn í einni skúffu af skrýtnum dýrum með jólasveinahúfur, en það verður bara notað árstíðabundið. Þetta hljómar kannski eins og sturlun fyrir einhverjum en kona sem kom í heimsókn um daginn sagðist hafa búist við miklu skrýtnara heimili.“

### Safnar fyrir aðra

María lætur sér ekki duga að safna fyrir sjálfa sig heldur tekur hún að sér að safna ýmsu fyrir vini og vandamenn, jafnvel óumbeðin. „Ég er t.d. að verða búin að græja matarstell fyrir vinkonu mína, ég hef augun opin fyrir jólastelli systur minnar, stundum finn ég nornir fyrir tengdamömmu, undarleg svín fyrir mágkonu mína og dýr fyrir yngsta soninn. Auk þess er ég með ýmiss konar pöntunarlista frá vinum og vandamönnum svo ég get nært mína innri djöfla án þess að sprengja húsið utan af fjölskyldunni.“

> ” Þetta hljómar kannski eins og sturlun fyrir einhverjum en kona sem kom í heimsókn um daginn sagðist hafa búist við miklu skrýtnara heimili.

Hún segir þau bæði vera mjög hrifin öllu því sem er gamalt. „Við viljum bæði hafa hluti sem okkur þykja fallegir en oftast felst fegurðin í sögunni á bak við þá og fólkinu sem þeir tengja okkur við, enda snýst lífið fyrst og fremst um fólk. Víðsvegar um heimilið má til dæmis finna hluti sem minna okkur á ömmur okkar og afa. Það þykir mér notalegt auk þess sem það byggir einhvers konar brú milli kynslóða að krakkarnir okkar hafa alist upp innan um hluti sem geyma sögu. Tíu ára sonurinn á heimilinu hafði á orði við mig fyrir stuttu að það væri sennilega ekkert á þessu heimili frá tuttugustu og fyrstu öldinni. Ég veit reyndar ekki hvort það var meint sem hrós eða hvað. Svo finnst okkur líka óþarfi að henda því sem virkar.“



Þetta hjól keypti María í Góða hirðinum handa yngsta syninum. Hann er of ungur til að kvarta yfir því að eiga svona gömul leikföng.




Þessi leikföng ættu flestir sem eru eldri en tvævetur að kannast við.



Fjölskyldurnar eru alltaf að dunda sér í daglegu lífi eða sumarfríi. Hér eru þau uppi í sumarbústað í grillveislu.



Elsti hluturinn úr safni Maríu er þessi gamli falleg bangsi. Hann er dreginn áfram og spilar um leið á sílófóninn.

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.






Fyrir Eftir

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
AUDI A6 2.8. Árgerð 2008, ekinn 127 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.136496.



**100% LÁN**
MAZDA 5 Premium 7 manna. Árgerð 2013, ekinn 98 Þ.KM, dísel, 6 gírar. TILBOÐ 1.980.000. Rnr.171170.



**100% LÁN**
RANGE ROVER Sport HSE. Árgerð 2006, ekinn 156 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.980.000. Rnr.150770.



**100% LÁN**
FORD Mustang. Árgerð 2007, ekinn 90 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.980.000. Rnr.159955.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


## Kerrur

## Hjólbarðar

18 tommu dekk til sölu. 2 Bridgeston Blizzak 255/35/ heilsársdekk, annað algerlega ónotað og hitt mjög lítið. Kostuðu 148.000 en seljast á 45.000.
2 Hankook icewear 245/40 heilsársdekk í fínu standi til sölu á 15.000 samtals.
**Upplýsingar í síma 892 5064.**

## Varahlutir


VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is


## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994


K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is


Hreinsa þakrennur, laga á þökum og tek að mér ýmis verkefni. Uppl:847-8704 eða manninn@hotmail.com

## Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 15 alla daga.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Háþrýstiþvottur & Sandblástur**
Alhreinsun/strípun á t.d. stein,múr, stáli osfrv.
Mikil reynsla - öflug tæki.
**S: 860-2130**




HUMBAUR

## Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Par á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Need a man with some experience at fixing houses. Info: 618 5286 Þórður.

Óska eftir manni í húsaviðgerðir. Einhver reynsla æskileg. Uppl í s. 6185286

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Skólafólk - Skólafólk

**Vinna með skóla Hjá Dóra í Mjódd**

Okkur **Hjá Dóra** vantar aðstoð í afgreiðslu á milli 16.30 -19.30 tvö til þrjú kvöld í viku. Íslensku kunnátta nauðsynleg

***Uppl. í síma 5573910 eða á staðnum***

## Eldhús-Eldhús

Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða manneskju vana eldhússtörfum í eldhúsið okkar **Hjá Dóra í Mjódd**.
Íslensku kunnátta nauðsynleg.

***Uppl. í síma 557 3910 eða á staðnum mánudaga-föstudaga.***

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Hreinsun og endurnýting svartvatns á Hólasandi, Skútustaðahreppi**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **5. október 2018.**

# ÚTBOÐ

## Ríkiskaup, fyrir hönd Ljósleiðara Borgarbyggðar,

kt. 550318-1560, óska eftir tilboðum í lagningu ljósleiðararöra, niðursetningu brunna, uppsetningu tengiskápa, blástur og/eða ídrátt ljósleiðarastrengja ásamt tengingum blástursröra og ljósleiðara í Borgarbyggð.

Útboðsgögn eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa
**www.rikiskaup.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP




Vel skipulagt einbýlishús á góðum stað við Miðbraut 27 á Seltjarnarnesi
187 fm - 6 herbergja
Stór lóð með hellulagðri verönd
Bílskúr
Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla, sundlaug, heilsugæslu og tómstundir



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Verð : **87,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK




Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

info@handafl.is | handafl.is

ferðamönnum verulega. Vetrarmánuðirnir voru vannýttir og á vetrartímanum hefur fjölgað hlutfallslega mest. Það var auðvelt að fjölga ferðamönnum verulega því hótel voru illa nýtt yfir veturinn. Svo kemur að þeim tímapunkti að markaðurinn mettast og þá tekur við skeið eðlilegrar uppbyggingar. Til lengri tíma hef ég ekki miklar áhyggjur. Ég man þá tíð þegar besti skipstjórinn var ávallt talinn sá sem landaði sem flestum kílóum. Það var ekki horft til aflaverðmætis eins og nú er. Ég trúi því, eins og við náðum góðum tökum á sjávarútvegi, að við munum ná góðum tökum á ferðaþjónustunni.“

*Hvernig gengur rekstur hótela á landsbyggðinni?*

„Reksturinn á Suðurnesjum og Suðurlandi gengur vel. Þau svæði virðast vera komin á kortið yfir veturinn en það er þyngra undir fæti í öðrum landshlutum. En það er ekkert sem mælir gegn því að ferðamenn gisti í meira mæli á Vesturlandi og Snæfellsnesi ef byggðar verða upp góðar ferðaleiðir. Vesturlandið er til dæmis ekkert lengra frá höfuðborginni en Suðurlandið og því ættu ferðamenn hæglega að geta ferðast þangað innan þess tíma sem þeir sækja landið heim. Það eru mjög spennandi tilraunir í gangi með flug til Akureyrar, bæði beint frá útlöndum og frá Keflavík. Ég er sannfærður um að þessar tilraunir munu skila árangri því náttúruperlur norðanlands gefa Suðurlandinu ekkert eftir. Markmiðið þarf alltaf að vera að byggja upp heilsársrekstur og aðgengi að náttúruperlum sé tryggt eins og kostur er árið um kring. Það er jú náttúran sem laðar ferðamenn til Íslands.“

*Er mikilvægt fyrir hótel að sameinast í meiri mæli? Þykir þér líklegt að*

## Miðborgin var „ísköld“ við stofnun CenterHotels




Kristófer hefur ásamt eiginkonu sinni, Svanfríði Jónsdóttur, verið í eigin rekstri í gistiþjónustu frá árinu 1994. „Ég gegndi áður starfi framkvæmdastjóra frystihúss, sem gerði út tvo togara. Þegar reksturinn rann inn í aðra útgerð hóf ég störf hjá Hagvangi og PriceWaterhouseCoopers og var ætíð að líta í kringum mig eftir tækifærum, einkum í sjávarútvegi. Þetta var á tíunda áratugnum; kvótakerfinu hafði verið komið á og því erfitt að koma sér fyrir á þeim vettvangi. Árið 1994 keyptum við hjónin gistiheimili í Reykjavík. Ári síðar tók ég þátt, sem starfsmaður Hagvangs, í vinnu við framtíðarstefnumótun í ferðamálum fyrir samgöngu- og ferðamálaráðuneytið, sem þá var stýrt af Halldóri Blöndal. Á þeim tíma voru öll stærstu hótel Reykjavíkur tvo kílómetra frá miðborginni. Það vantaði því hótel í miðborgina. Þarna kviknaði hugmyndin að CenterHotels-vörumerkinu. Þremur árum síðar opnuðum við fyrsta hótelið að Laugavegi 16, Hótel Skjaldbreið, sem við rekum enn og síðan bættust hótelin við koll af kolli.“

Á þessum árum var miðborgin „ísköld“ að hans sögn. „Miðborginni hnignaði mjög á árunum frá 1970-2000. Öll gömlu stóru fyrirtækin fluttu á ný athafnasvæði í austurborginni og víðar og starfsmenn fyrirtækjanna áttu ekki lengur erindi í miðborgina. Þjónustuaðilum fækkaði, verslun hnignaði og miðborgin fór í mikla lægð. Síðan kemur smám saman hótelgeirinn og ferðaþjónustan og byggir upp aftur. Við njótum öll góðs af því hvað miðborgin er orðin miklu skemmtilegri. Þegar ég var í menntaskóla var það ekki óalgengt að enginn væri á ferli í miðbænum að vetri til og það var einungis eitt kaffihús í rekstri, Kaffi Mokka.“

*Þetta hljómar eins og áhættusöm fjárfesting á sínum tíma, eflaust hefur ferðamannatíminn verið stuttur?*

„Já, þetta var gríðarlega erfiður rekstur. Tekjurnar fóru eftir sólarganginum og það var mikið tap allan veturinn. Reksturinn gekk út á að draga saman seglin eins mikið og hægt var yfir veturinn. Þá byggði reksturinn einkum á sumarstarfsfólki en nú getum við haft sama starfsfólkið árið um kring sem er ólíkt skemmtilegra. Það bætir mjög þjónustuna að hafa reynt og vel þjálfað starfsfólk.“

*Samkeppniseftirlitið myndi setja sig upp á móti stærri sameiningum?*

„Mér finnst líklegt að frekari sameiningar verði í hótelgeiranum. Sterkari einingar eru betur í stakk búnar til að fjárfesta í markaðsstarfi og dýrum hugbúnaði sem nútíma starfsemi krefst. Markaðurinn mun sjá til þess að þessi þróun eigi sér stað og ég hef engar áhyggjur af Samkeppniseftirlitinu í þeim efnum. Stóra samkeppnismálið í hótelgeiranum er að koma skuggahagkerfinu upp á yfirborðið.“

*Fasteignagjöld hafa vaxið hratt á umliðnum árum. Hvernig horfir það við þér? Hvaða áhrif hefur það á reksturinn? Hafið þið getað velt þeim hækkunum út í verðlag?*

„Fasteignaskattar og fráveitugjöld hafa hækkað um tugi prósenta á undanförnum árum. Þessir skattar renna til sveitarfélaganna og skrúfast sjálfkrafa upp þegar fasteignamat hækkar. Í Reykjavík eru fasteignagjöld næstum 10 sinnum hærri á löglega rekin gistihús eða 1,65 prósent af fasteignamati meðan heimagistingin greiðir aðeins 0,18 prósent af fasteignamati. Í hótelgeiranum er gríðarleg fjárbinding í hótelbyggingum og þessi skattur leggst því þungt á greinina. Til lengri tíma fer þessi skattur eins og aðrir skattar út í verðlagið og hefur áhrif á samkeppnishæfni okkar.“

*Er áhyggjuefni að Ísland sé með dýrustu löndum í heimi? Fælir það ferðamenn frá?*

„Það er áhyggjuefni. Þess vegna er það mikilvægt að við náum samtali við stjórnvöld um álögur á gistiþjónustuna. Þegar ferð er skipulögð horfir fólk fyrst og fremst til verðs á flugi og gistingu. Það þarf því að fara varlega í að hækka álögur og gjöld á þessar greinar. Það tekur nokkurn tíma fyrir áhrifin af því að vera dýrasta land í

**Ég hef starfað í greininni í 25 ár. Af þeim hafa verið 20 mjög erfið ár í rekstri. Nú koma þrjú, fjögur góð ár og það er eins og þjóðfélagið fari á límingunum að reyna að skattleggja starfsemina og drepa í dróma aftur.**

heimi að koma fram. Margir hafa keypt ferðina fyrirfram og greitt á lægra verði svo áhrifin af hárri verðlagningu koma ef til vill mest fram ári seinna. En hvað sem öðru líður telst það góður árangur í rekstri að halda sjó við þessar aðstæður sem nú eru uppi.“

*Við hvaða lönd er Ísland einkum að keppa?*

„Við erum í einhvers konar samkeppni við flest Evrópulönd og jafnvel fleiri lönd. En það sem mestu skiptir er efnahagsástandið í Norður-Evrópu og Ameríku. Þaðan koma flestir okkar gestir. Það getur svo margt haft um það segja hvort gestir komi til Íslands eða ekki.

Eins og fram hefur komið hefur framboð flugs til landsins einna mest að segja um það hvaðan ferðamennirnir koma. Aukning í Ameríkuflugi og samdráttur í flugi til Evrópu hefur haft talsverð áhrif á samsetningu ferðamanna til Íslands. Nýjar flugleiðir sem opnast á næstunni til Indlands og Asíu mun væntanlega hafa mikil áhrif á samsetningu ferðamannahópsins, sem kemur til landsins.“




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Raquelita Rós ráðin í stöðu framkvæmdastjóra hjá Stokki


Raquelita Rós Aguilar

Raquelita Rós Aguilar hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Stokks Software en hún hefur starfað hjá Stokki í þrjú ár, bæði sem gæða- og rekstrarstjóri.

Raquelita er með B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík og hefur mikla reynslu og þekkingu í verkefnastjórnun og innleiðingu verkferla. Hún tekur við af Jóni Andra Sigurðssyni sem hefur setið í framkvæmdastjórastólnum í þrjú ár.

Þá var Halldór Sigurðsson ráðinn í stöðu tæknistjóra Stokks en hann hefur starfað hjá Stokki í tæp fjögur ár og er með B.Sc. í verkfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Hugbúnaðarhúsið Stokkur Software hefur smíðað mörg af vinsælustu smáforritum landsins eins og Domino's, Strætó, Alfreð og Aur, svo eitthvað sé nefnt. Stokkur hefur tvær starfsstöðvar, eina í Reykjavík og aðra í Prag í Tékklandi. – **tfh**

# Gunnar Steinn tekur við sem framkvæmdastjóri Expectus


Gunnar Steinn

Gunnar Steinn Magnússon er tekinn við sem framkvæmdastjóri ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtækisins Expectus. Hann hefur starfað hjá Expectus í níu ár við hugbúnaðargerð og ráðgjöf og undanfarið stýrt Expectus Software, dótturfélagi Expectus sem sér um hugbúnaðarþróun félagsins. Gunnar Steinn tekur við af Önnu Björk Bjarnadóttur sem hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra frá febrúar 2016.

Gunnar Steinn er B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. í hugbúnaðarverkfræði frá Denmarks Tekniske Universitet og hefur lokið MBA-námi frá Háskólanum í Reykjavík.

Þá var Sindri Sigurjónsson kjörinn stjórnarformaður Expectus. Sindri hefur starfað hjá Expectus sem ráðgjafi frá 2011 og verið einn af lykilstjórnendum félagsins. Hann tekur við af Ragnari Þóri Guðgeirssyni sem verður áfram stjórnarmaður hjá Expectus og ráðgjafi á sviði stefnumótunar og rekstrar. – **tfh**


Framúrstefnu-hugmynd
Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2018

Samkeppni um hugmyndir sem efla íslenskan sjávarútveg og tengdar atvinnugreinar

Markmið samkeppninnar er að finna **framúrstefnulegar** en **raunhæfar** hugmyndir sem skapa umræðugrundvöll eða nýja hugsun í greininni.

Við mat á hugmyndum er m.a. litið til **frumleika, virðisauka, sjálfbærni** og **ímyndar** greinarinnar.

Til að taka þátt þarf að lýsa hugmyndinni á hnitmiðaðan hátt, setja fram tillögu að framkvæmd og geta til um afrakstur hennar og góð áhrif á ímynd íslenskra afurða.

**Verðlaunafé er 500.000 kr.** en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka **viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni í Hörpu 15.–16. nóvember nk.**

**Frestur til að skila inn framúrstefnuhugmynd er 15. október 2018.**

Nánari upplýsingar er að finna á
www.sjavarutvegsradstefnan.is


**Svifaldan,** verðlaunagripur Framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018
HB GRANDI · EIMSKIP · VSV · ITUB · ICELANDAIR CARGO · Arion banki · AVS · WISE · TM · Oddi



Sigríður Margrét segir að starfssvið og starfsframi skipti ekki mestu máli heldur samstarfsfólkið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Viðskipti eru leið til að fá útrás fyrir sköpun

## Svipmynd
**Sigríður Margrét Oddsdóttir**

Sigríður Margrét Oddsdóttir hefur gegnt stöðu forstjóra Já frá því að fyrirtækið var selt út úr Símanum árið 2010. Hún hefur tekið virkan þátt í íslensku viðskiptalífi í næstum tvo áratugi og mun halda erindi á föstudaginn á ráðstefnu Strategíu um stafræna innleiðingu.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef ástríðu fyrir viðskiptum og nýsköpun, þar af leiðandi hef ég mikinn áhuga á tækni og fólki. Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að lesa ársreikninga og hlusta á kynningar á fjárhagsuppgjörum fyrirtækja, hef alltaf haft gaman af því að læra og nýti hvert tækifæri sem ég fæ til þess. Viðskipti eru mín leið til að fá útrás fyrir sköpunarkraftinn – og að elda góðan mat fyrir fjölskylduna.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég á yndislegan eiginmann sem færir mér yfirleitt góðan kaffibolla um leið og ég vakna og svo les ég blöðin áður en ég fer í vinnuna. Ég viðurkenni það fúslega að ég skoða símann áður en ég fer á fætur, renni yfir tölvupóstana og kanna hvort eitthvað hafi gerst sem krefst þess að strax sé brugðist við.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?*

Eftirminnilegasta námskeiðið á þessu ári sótti ég hjá Harvard, það hét „Choice Arcitecture: Designing the Decision-making Environment for Results“. Ákvarðanir og skipulag ákvarðanatöku eru eitt mikilvægasta verkefni stjórnenda og okkar almennt í lífinu sem manneskjur. Það var því áhugavert að heyra hvernig hugurinn getur blekkt okkur og hvað hægt er að gera til að bæta ákvörðunartökuferli.

*Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?*

Ég las síðast tvær bækur samtímis, annars vegar „Homo Deus: A Brief History of Tomorrow“ eftir Yuval Noha Harari, frábær bók, og hins vegar „Understanding How the Future Unfolds“ eftir Terence C.M. Tse og Mark Esposito. Svo er ég að vinna í að klára „12 Rules for Life“ eftir Jordan Peterson en verð að viðurkenna að ég á erfitt með að lesa hana hratt af því að það truflar mig hvað hún er skrifuð mikið í boðhætti.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Ég er gæfusöm og vinn að góðum verkefnum með góðu fólki á hverjum einasta degi. Stærsta áskorunin er að gleyma því ekki hvað tíminn er dýrmætur og njóta hvers dags. Stjórnun felur það nefnilega í sér að maður þarf að dvelja dálítið í framtíðinni.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*

Við erum að upplifa miklar breytingar í atvinnulífinu, ekki bara hér á Íslandi heldur á alþjóðlegan mælikvarða. Stóra áskorunin felst í því að vera samkeppnishæf, hafa hugrekki og hugmyndaauðgi til að nýta tækifærin.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hjá Já á næstu árum?*

Félagið sem ég stýri er mjög áhugavert fyrirtæki og hefur úr mörgum tækifærum að velja. Við auðveldum líf viðskiptavina á sviði markaðsmála, mannauðsmála og viðskipta. Við stundum rekstur undir merkjum Já, Leggja, Gallup og Markaðsgreiningar og það sem sameinar öll okkar félög eru gögn, tækni og ástríða fyrir góðri þjónustu, sú áhersla mun áfram vera ríkjandi hjá okkur.

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Ég valdi ekki þennan starfsframa, ég valdi fólkið sem ég vildi vinna með. Starfssviðið skiptir ekki mestu máli heldur samstarfsfólkið. Ég ætla áfram að velja það vel.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Hamingjusöm dóttir, eiginkona, vinkona, móðir og jafnvel amma. Vona innilega að ég muni njóta góðrar heilsu og ég verð alveg örugglega enn að læra.

### Helstu drættir

**Nám:**
- B.Sc. í rekstrarfræðum með áherslu á markaðsfræði frá Háskólanum á Akureyri
- Stúdentspróf af hagfræði-/stærðfræðibraut frá Verzlunarskóla Íslands

**Störf:**
- Forstjóri Já frá 2010 til dagsins í dag
- Framkvæmdastjóri Skjá miðla frá 2007 til 2010
- Framkvæmdastjóri Já innan samstæðu Símans frá 2005 til 2007
- Svæðisstjóri IMG (nú Gallup/Capacent) á Akureyri frá 2002 til 2005
- Ráðgjafi og viðskiptastjóri hjá IMG frá 1999 til 2005

**Fjölskylduhagir:**
Gift Rúnari Pálssyni, eigum saman synina Einar Odd Pál og Elmar Fossberg.


NÝR TIVOLI
Fimm ára ábyrgð
ÆVINTÝRALEG KJÖR!
Það jafnast fátt á við ferðalag um landið okkar bláa í vönduðum bíl. Bílabúð Benna gefur þér kost á að njóta þess til fulls í fjórhjóladrifnum Tivoli sportjeppa frá SsangYong. Hann fæst nú á ævintýrlega góðum kjörum.
+ Fjórhjóladrif með læsingu
+ Þægilegt aðgengi
+ Góð yfirsýn yfir umhverfið
+ Ríkulegur staðalbúnaður
+ Frábærir aksturseiginleikar
+ Fimm ára ábyrgð
Tivoli DLX, 4x4, beinskiptur, dísel
3.490.000 kr.*
Tivoli DLX, 4x4, sjálfskiptur, dísel
3.890.000 kr.
TIVOLI
*AÐEINS
44.950 KR.
Á MÁNUÐI
Miðað við 700.000 kr. útborgun*
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl. * Fjöldi greiðslna 84 | Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,43% | Vextir 7,95% | Innborgunarhlutfall 20% | Stofngjald 3,2%
SSANGYONG
Verið velkomin í reynsluakstur | benni.is.
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Skotsilfur

### Gylfi mærir peningastefnuna



Gylfi Zoega hagfræðiprófessor skilaði nýverið frá sér ágætri skýrslu um stöðu efnahagsmála hér á landi sem hann skrifaði að beiðni forsætisráðuneytisins. Gylfi fer um víðan völl í skýrslunni en eyðir töluverði púðri í að mæra aðgerðir peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands síðustu ár. Hann segir til dæmis innflæðishöftin hafa virkað sem skyldi og hrósar þeirri ákvörðun peningastefnunefndar að láta bankana bera hluta af kostnaði við gjaldeyrisforðann. Það vekur hins vegar furðu að þess er hvergi getið í skýrslunni að Gylfi er sjálfur nefndarmaður í peningastefnunefndinni. Eðlilegra hefði verið að geta þeirra tengsla og fá jafnframt fram önnur sjónarmið um þessi umdeildu mál.

### Hættur hjá ÍV



Jón Eggert Hallsson, sem hefur starfað sem forstöðumaður eignastýringar Íslenskra verðbréfa, lét af störfum hjá verðbréfafyrirtækinu um mánaðamótin eftir stutta viðveru. Hann gekk til liðs við fyrirtækið í byrjun ársins en rær nú á önnur mið. Jón Eggert, sem hefur starfað á fjármálamarkaði í þrettán ár, var áður hjá Kviku banka þar sem hann starfaði í markaðsviðskiptum en hann var ráðinn til Straums, forvera Kviku, árið 2015. Einnig hefur hann starfað hjá meðal annars Expectus, J Bond Partners, Íslandsbanka og Glitni.

### Niðurskurður yfirvofandi



Nokkur deyfð hefur verið yfir fjármálamarkaði undanfarnar vikur og mánuði eins og sést hefur á sífellt minnkandi veltu í Kauphöllinni. Fjármagnsskortur ríkir á bæði hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði og eiga seljendur frumkvæði að langflestum viðskiptum. Þykir ljóst að Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, og kollegar eiga mikið verk fyrir höndum við að blása lífi í markaðinn. Af þessum sökum, og fleirum til, búast margir við því að fjármálafyrirtæki muni fækka starfsmönnum hjá sér, einkum á sviði markaðsviðskipta, á næstu mánuðum og misserum. Hagræðingar sé þörf.

## Neyðarástand blasir við í Argentínu




Mauricio Macri, forseti Argentínu, sagðist á mánudag ætla að grípa til umfangsmikilla sparnaðaraðgerða til þess að koma efnahag landsins á réttan kjöl en gengi argentínska pesóans hefur hríðfallið gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptaríkja undanfarin misseri. Ríkisstjórnin hyggst meðal annars fækka ráðuneytum um helming og leggja aukna skatta á útflutningsafurðir. „Neyðarástand“ blasir við, að sögn Macri forseta. NORDICPHOTOS/GETTY

# Byggjum fjölbreytt efnahagslíf



**Ingólfur Bender**
aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

**Laun í greininni eru nú með því hæsta sem þekkist í samanburði við önnur lönd og samkeppnishæfni greinarinnar því skert á alþjóðlegum vettvangi.**

Margt hefur áunnist í efnahagsmálum á síðustu árum og er staða hagkerfisins á margan hátt góð um þessar mundir. Er nú svo komið að efnahagsleg lífskjör hér á landi eru með því besta sem gerist í heiminum. Hagkerfið er í ágætu jafnvægi, erlend skuldastaða þjóðarbúsins góð og kaupmáttur meiri en nokkru sinni áður svo eitthvað sé nefnt. Galli uppsveiflunnar frá 2010 er að hana skortir fjölbreytileika. Byggir hún að verulegu leyti á auknum gjaldeyristekjum af ferðamönnum en önnur gjaldeyrisskapandi starfsemi hefur átt undir högg að sækja. Þannig hefur, svo dæmi sé tekið, framleiðsluiðnaður skroppið saman en hann var um 10% af landsframleiðslu þegar uppsveiflan byrjaði en var kominn í 7,8% í fyrra.

Samkeppnishæfni útflutningsatvinnuveganna hefur versnað umtalsvert í þessari uppsveiflu. Laun í framleiðsluiðnaði hafa hækkað um 140% frá fyrsta ársfjórðungi 2010 mælt í evrum en til samanburðar hækkuðu laun í þeim hluta iðnaðarins um 20% í ESB-ríkjunum á sama tíma. Hækkuðu laun hér á landi mælt í evrum langt umfram það sem gerst hefur í nokkru öðru iðnvæddu ríki á tímabilinu. Laun í greininni eru nú með því hæsta sem þekkist í samanburði við önnur lönd og samkeppnishæfni greinarinnar því skert á alþjóðlegum vettvangi. Kemur þetta verst niður á þeirri gjaldeyrisskapandi starfsemi þar sem vægi launakostnaðar er hátt í heildarkostnaði. Við þetta bætist síðan hár innlendur fjármagnskostnaður og óhagstætt skattaumhverfi. Hefur þetta komið niður á samkeppnisstöðu fyrirtækja í greininni gagnvart erlendum keppinautum, rýrt markaðshlutdeild og gjaldeyrissköpun þeirra. Svipaða sögu má segja af fyrirtækjum í öðrum greinum sem eru í erlendri samkeppni.

Líkt og í mörgum öðrum smáríkjum er neysluvara og fjárfestingarvara að stórum hluta innflutt hér á landi. Innflutningur vöru og þjónustu er fjármagnaður með mjög sérhæfðum útflutningi sem byggir að stórum hluta á náttúruauðlindum landsins. Í rannsókn á efnahagslegri stöðu smáríkja sem kom út fyrr á þessu ári á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að þessi mikla sérhæfing getur verið vandamál. Bent er þar á að efnahagssveiflurnar eru líklegri til að verða meiri eftir því sem sérhæfingin er meiri. Niðurstaða rannsóknarinnar er að með því að auka fjölbreytileika í gjaldeyrisöflun nái þessi ríki að draga úr efnahagssveiflum, hækka meðalhagvöxt og auka þannig efnahagsleg lífsgæði til langs tíma.

Í þessu ljósi er það áhyggjuefni að lítill vöxtur hefur verið í gjaldeyrisskapandi greinum hér landi á undanförnum árum fyrir utan ferðaþjónustuna. Mikilvægt er að undirbyggja aukinn fjölbreytileika til framtíðar og þannig skapa hagkerfinu meiri stöðugleika. Skiptir það m.a. máli nú þegar við stöndum frammi fyrir minni vexti í tekjum af erlendum ferðamönnum en hefur verið. Einhæfni gjaldeyrisöflunar í núverandi efnahagsuppsveiflu ógnar stöðugleika hagkerfisins og framtíðarhagvexti.

Þegar litið er til framtíðar er ljóst að til að bæta efnahagsleg lífsgæði hér á landi þarf að auka gjaldeyristekjur umtalsvert og skapa meiri fjölbreytileika í gjaldeyrisöflun. Það er áleitin spurning hvernig þetta verði gert. Ljóst er að líklegast til árangurs er að ráðast í þá þætti sem gætu aukið samkeppnishæfni atvinnuveganna, m.a. iðnaðar sem vegur um 23% af landsframleiðslu. Leggja þarf áherslu á stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi fyrirtækja, öfluga menntun, mikla nýsköpun og sterka innviði. Hafa Samtök iðnaðarins í því sambandi bent á aðgerðir sem gætu stuðlað að því að Ísland verði í fremstu röð þjóða þar sem fólk vill búa og reka atvinnustarfsemi. Núna er rétti tíminn til að ráðast í þessar aðgerðir.

# Þarft þú að uppfæra tæknisjálfstraustið?



**Kristín Hrefna Halldórsdóttir**
sérfræðingur í viðskiptagreiningu hjá Valitor og FKA-félagskona

Þeir sem fengu það ekki með móðurmjólkinni að læra á nýjan hugbúnað á hverjum degi eiga það á hættu að lenda undir í samkeppninni við ofurhraðann sem einkennir tækniframfarir og viðskiptaumhverfi nútímans. Er kominn tími á uppfærslu á tækninni og mögulega viðhorfinu gagnvart tækninýjungum?

Aldamótakynslóðin, sem hámar í sig sífellt stærri hluta launakökunnar, ólst upp við að tölvur hafa verið stór hluti af daglegu lífi hennar í meira en helming ævinnar. X-kynslóðin og eldri kynslóðir telja hins vegar að þær eigi enn val um að uppfæra hjá sér þann hugbúnað sem þær nota á hverjum degi til þess að taka mikilvægar ákvarðanir. Mögulega eru margir hverjir enn með áfallastreituröskun síðan Windows Vista var kynnt til sögunnar og sakna í laumi Windows XP. Þeir sem enn eiga eftir að vera í 10-20 ár á vinnumarkaðnum geta ekki setið eftir í þessari hröðu þróun. Það er ekki hægt að gefast upp og ákveða bara að uppfæra ekki hvort sem um ræðir eiginlega hugbúnaðaruppfærslu eða bara viðhorfið.

Góðu fréttirnar eru þær að tæknin auðveldar okkur lífið og gerir okkur skilvirkari. Í dag geta fyrirtæki til dæmis stytt afgreiðslutíma hverrar sölu heilmikið með því að bjóða upp á að taka á móti snertilausum greiðslum. Eina sem þarf er að uppfæra hugbúnaðinn á posunum. Þau fyrirtæki sem ekki tileinka sér nýja tækni þegar hún býðst eiga það á hættu að lenda undir með hnausþykkan rekstrarreikning sem verður þeim að falli.

Lykillinn að því að lenda ekki á eftir í kapphlaupi vinnumarkaðarins er einfaldur. Hann er jákvætt viðhorf til breytinga og gott sjálfstraust til þess að takast á við tækninýjungar. Gríptu allar þær uppfærslur sem á vegi þínum verða og hámaðu þær í þig. Horfðu á hjálparmyndböndin, hlustaðu á hlaðvörpin, sökktu þér ofan í efnið og sigrastu á verkefnunum. Það heldur því nefnilega enginn fram að babyboomers eða X-ararnir séu slakari námsmenn en aldamótakynslóðin.

Tæknin býður okkur öllum að læra nýja hluti á hverjum degi og halda áfram að vaxa. Það eina sem þarf er viljinn og versti óvinurinn er hroki og hræðsla við óþekk(t)ar uppfærslur.

# FRÉTTIRNAR ERU Á FRETTABLADID.IS

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 5. september 2018

## Helgafell hagnaðist um 1,5 milljarða

Helgafell eignarhaldsfélag, sem er í jafnri eigu Ara Fenger, Bjargar Fenger og Kristínar Vermundsdóttur, hagnaðist um 1.472 milljónir króna í fyrra og jókst hagnaðurinn um tæpar 340 milljónir á milli ára, samkvæmt samstæðureikningi fjárfestingarfélagsins.

Lungi hagnaðar Helgafells á síðasta ári kom til vegna hlutdeildar félagsins í afkomu eignarhaldsfélagsins S121, stærsta hluthafa Stoða, eins stærsta fjárfestingarfélags landsins, en hún nam 1.063 milljónum króna. Helgafell fer með ríflega 28 prósenta hlut í S121 sem á um 55 prósent í Stoðum. Afkoma Helgafells af verðbréfaeign í eigu samstæðunnar var jákvæð um 496 milljónir í fyrra. Á meðal helstu verðbréfaeigna félagsins er 2 prósenta hlutur í N1 og 6,6 prósenta hlutur í TM.


Ari Fenger

Eigið fé Helgafells nam um 5,7 milljörðum króna í lok síðasta árs. Sá sem stýrir fjárfestingum Helgafells er Jón Sigurðsson, fjárfestir og stjórnarformaður Stoða, en hann er eiginmaður Bjargar Fenger. – kij

04.09.2018

**Þessi fyrirtæki [stóriðjufyrirtæki] kaupa 80% allrar orku í landinu og hafa mestan hag af því að sérreglur ráði á íslenskum raforkumarkaði.**


Björn Bjarnason, fyrrverandi þingmaður og ráðherra

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

### Hraustleikamerki

**Eftir hrun** hefur almennt ekki tíðkast að einkafjárfestar eigi stóra hluti í skráðum félögum á Íslandi. Að einhverju leyti eru á því eðlilegar skýringar. Við hrunið varð gríðarleg eignatilfærsla á Íslandi. Bankar eða þrotabú urðu ráðandi hluthafar í mörgum rótgrónum félögum.

**Við endurreisn** íslensks hlutabréfamarkaðar léku svo lífeyrissjóðirnir lykilhlutverk. Þeir urðu þar af leiðandi stærstu hluthafar flestra ef ekki allra skráðra hlutafélaga á Íslandi. Raunar eiga lífeyrissjóðirnir í dag um 40% af öllum skráðum hlutabréfum í Kauphöllinni.

**Nú skal** ekki gera lítið úr hlutverki lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta á markaði. Þeir spila mikilvæga rullu varðandi aðgengi að fjármagni, og eru sömuleiðis nánast forsenda þess að hlutir gangi almennt kaupum og sölum á örmarkaði eins og þeim íslenska. Vandséð er raunar að hér gæti verið starfræktur virkur hlutabréfamarkaður án lífeyrissjóðanna.

**Hins vegar** er þessi staða lífeyrissjóðanna tvíeggjað sverð. Í forsvari fyrir þeim er fólk sem sýslar með annarra manna fé. Þeir munu aldrei veita það aðhald sem hlýst af afskiptum einkafjárfesta sem eiga sitt undir að reksturinn gangi vel. Nýleg vandræði skráðra félaga eins og Icelandair bera þessu vitni. Þar virðist sem enginn hafi fylgst með því að stjórnendur héldu sig við efnið, og beittu kostnaðaraðhaldi. Seint fengi slíkt að líðast í einkarekstri.

**Að þessu** leyti er það lífsnauðsynlegt heilbrigðismerki á markaði að stjórnendur og stjórnarmenn eigi hluti í þeim félögum sem þeir gegna trúnaðarstörfum fyrir. Samkvæmt úttekt sem birtist í Markaðnum í vor um kauphallarfélögin áttu einungis 16 af 80 stjórnarmönnum það sem kalla mætti verulegan hlut, en 45 eiga alls ekkert. Í stærsta smásölufyrirtæki landsins, Högum, átti enginn stjórnarmaður neitt í félaginu.

**Þetta er** auðvitað staða sem æskilegt er að breyta. Í liðinni viku bárust tíðindi af því að stjórnarformaður Vodafone hefði bætt við sig 90 milljónum að markaðsvirði í félaginu. Annar stjórnarmaður keypti fyrir réttar sex milljónir. Forstjórinn lét sér nægja að kaupa fyrir um það bil hálf mánaðarlaun. Stjórnarformaður Icelandair hefur einnig bætt við sinn hlut í félaginu af myndugleik.

**Ljóst er** að kaup stjórnarmannanna eru vitnisburður um að menn hafi trú á verkefninu. Ef fleiri færu að þeirra fordæmi væri ekki hægt að skoða það öðruvísi en sem hraustleikamerki á íslenskum hlutabréfamarkaði.




Margvíslegur ávinningur hlýst af því að jafna stöðu og kjör kynja fyrir vinnustaði og vinnumarkaðinn í heild. PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

**Jafnlaunavottun**
Aðstoð og ráðgjöf vegna umsókna fyrirtækja og stofnana um Jafnlaunavottun skv. ÍST 85.

**Launastefna og starfaflokkun**
Ráðgjöf um launafyrirkomulag og uppbyggingu kaupaukakerfis. Útfærsla á launastefnu og starfaflokkun eftir inntaki starfa.

**Jafnlaunaúttekt og Réttlaunalíkan**
Mæling á launamuni karla og kvenna. Frávikagreining á launum innan starfaflokka. Ráðgjöf um launabreytingar.

**Markaðslaunavöktun**
Árlegt launaviðmið fyrir markaðslaun á Íslandi. Gögn um 150 tegundir starfa hjá 20.000 launþegum. Launaviðmið eftir atvinnugreinum og sérsniðnum forsendum.

pwc

**PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Norðurál – Yfirverkfræðingur rafveitu

capacent

Norðurál óskar eftir að ráða yfirverkfræðing rafveitu, starfið heyrir undir framkvæmdastjóra viðhaldssviðs.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir einstakling sem hefur frumkvæði og metnað í starfi og býr yfir ríkri öryggisvitund.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.**
Sækja skal um starfið á vef Capacent, www.capacent.is. Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)

## Sérfræðingur á kjarasviði

capacent

SFR óskar eftir að ráða sérfræðing á kjara- og félagssvið.

Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september.**

Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7055

## Verkefnastjóri á sviði verklegra framkvæmda

capacent

Eik fasteignafélag leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf verkefnastjóra á sviði verklegra framkvæmda.

Nánari upplýsingar veita:
Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is
og Hilmar G. Hjaltason, hilmar.hjaltason@capacent.is
hjá Capacent Ráðningum.

**Umsóknarfrestur er til 10. september**

Upplýsingar og umsókn á capacent.is

## Aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

intellecta

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf aðalhagfræðings.

Nánari upplýsingar veita:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.**

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

## Hagfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu

intellecta

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf hagfræðings.

Nánari upplýsingar veita:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og
Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.**

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

## Framkvæmdastjóri Almannaróms, Miðstöðvar um máltækni

Stjórn Almannaróms – Miðstöðvar um máltækni auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Leitað er að drífandi eldhuga sem brennur fyrir framþróun og viðgangi íslenskunnar í heimi tækninnar..

Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk.**

## Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg norðlæg eða breytileg átt og lítils háttar væta norðan og austan til í dag, en annars bjartviðri. Svalt fyrir norðan en milt syðra.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 11° |
| ↖ 12 | ↖ 7 | ↖ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 10° | 6° |
| ↙ 2 | ↖ 5 | ↑ 10 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 11° | 13° |
| ↖ 16 | ↑ 13 | ↑ 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 10° | 5° |
| ↑ 10 | ← 8 | ↑ 16 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 3 | | 1 | 8 | |
| 3 | | | | | 1 | | | 4 |
| 4 | | 2 | 7 | | | | | |
| | | 4 | 6 | | 2 | 8 | | 3 |
| | | 1 | | 7 | | | 6 | 9 |
| | 6 | | 3 | | 9 | | 5 | |
| | 4 | | | 2 | 7 | | 1 | |
| 8 | | | 1 | 5 | 6 | | | 7 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 6 |
| | 5 | | 9 | | | | | 8 |
| 6 | | 8 | 2 | | 4 | 5 | | |
| | | | 8 | | | 4 | 3 | |
| | | 7 | 4 | 9 | | | | 2 |
| | 9 | 1 | | 5 | | 6 | | |
| | | | 6 | | 3 | | | |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| 5 | | 9 | | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 3 | 6 | | | 5 |
| | 2 | | | 5 | | 6 | 4 | 8 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 4 | 7 | 6 | | | | | |
| | | | | 8 | 9 | 4 | | |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | | 9 | 7 | | | | | |
| | | | | 9 | 2 | | 8 | |
| 8 | 6 | | | | 3 | 5 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 4 | 3 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 7 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 |
| 5 | 3 | 6 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 | 1 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 8 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 6 | 8 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 |
| 2 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 9 | 8 | 5 | 7 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. nart
5. mærð
6. org
8. líflát
10. átt
11. vefur
12. brak
13. ríki í arabíu
15. eiturlyf
17. tapa

**LÓÐRÉTT**
1. sígild list
2. birta
3. tíðum
4. spil
7. skothylki
9. ávöxtur
12. jafnoki
14. borg
16. klaki




**LÁRÉTT:** 1. kropp, 5. lof, 6. óp, 8. aftaka, 10. sa, 11. net, 12. marr, 13. íran, 15. kókaín, 17. missa.
**LÓÐRÉTT:** 1. klassík, 2. rofa, 3. oft, 4. póker, 7. patróna, 9. ananas, 12. maki, 14. róm, 16. ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Botvinnik átti leik gegn Alexander í landskeppni Rússa og Breta árið 1946.

**Hvítur á leik**



**1. Dxd4! Dxd4 2. Rf5 1-0.** Vetrardagskrá skákfélaganna er að fara í gang. Unglingastarfsemi flestra stærri taflfélaga er hafin. Haustmót TR hefst á sunnudaginn og Meistaramót Hugins hefst á mánudaginn. **www.skak.is:** Skákmótin í haust.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Grúska Babúska ásamt Rex Pistols og Skaða spila á áhugaverðum tónleikum á Húrra í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Opnun Jazzhátíðar Reykjavíkur
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Miðborgin iðar af djasstónum dagana 5.-9. september þegar fram fer Jazzhátíð Reykjavíkur 2018. Íslenskt djasslíf hefur aldrei staðið styrkari fótum en nákvæmlega núna og á hátíðinni gefst færi til að hlýða á framvarðarsveitir í faginu en ekki síður er spennandi samstarf íslenskra flytjenda og erlendra sem er fyrirferðarmikið að þessu sinni. Setningarathöfn Jazzhátíðar í ár mun fara fram á Borgarbókasafni kl. 17.30 eða í beinu framhaldi af skrúðgöngu sem hefst á Hlemmi kl. 17.00. Boðið verður upp á margslungin tónlistaratriði og stuttar og skemmtilegar ræður. Frítt inn!

**Hvað?** Grúska Babúska, Rex Pistols og Skaði á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Grúska Babúska, Rex Pistols og Skaði á Húrra. 1.000 krónur við hurð.

**Hvað?** Scott McLemore 4tet
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Trommuleikarinn Scott McLemore fagnar nýrri útgáfu, Multiverse, með alþjóðlegum kvartett sínum skipuðum Hilmari Jenssyni á gítar og Frökkunum Pierre Perchaud á gítara og Nico Moreaux á kontrabassa á opnunarkvöldi Jazzhátíðar Reykjavíkur.

**Hvað?** Robert Wynia // Live
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Boston, Laugavegi
Tónlistamaðurinn Robert Wynia heldur tónleika á Boston miðvikudaginn 5. september kl. 22.00. Haraldur Davíðsson kemur einnig fram og ljær okkur ljúfa tóna sína eins og honum er einum lagið. Það er frítt inn.

**Hvað?** R6013: Berghaim, Gráa slæðan, Rúnar Örn, 900 Stig
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 20
Við skulum segja að hliðarsjálfið sé gegnumgangandi þema fyrir kvöldið. Öll höfum við hliðar sem eru missýnilegar og komum fram undir dulnefnum til að aðgreina líf okkar og list. Það sem við eigum sameiginlegt er að vera myndlistarmenn og tónlistarmenn sem vinna á línum beggja miðla. Ykkur er boðið í leiðangur með tónum og tali, mætið sem þið sjálf eða ykkar eigið hliðarsjálf.

**Hvað?** Extreme Chill Festival 2018 – Pre Party
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Vinyl, Hverfisgötu
Lokaupphitunartónleikar/Pre Party fyrir Extreme Chill Festival 2018 verður á Vínyl miðvikudaginn 5. september. Hermigervill, Beatmakin Troopa, Inland Shrines og Tonik Ensemble taka lagið.

### Viðburðir

**Hvað?** Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Jón Yngvi Jóhannsson er bókmenntafræðingur og lektor í íslenskum bókmenntum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann hefur skrifað um bókmenntir í blöð, tímarit og bækur undanfarna tvo áratugi, bæði á íslenskum vettvangi og erlendum. Í fyrravor venti hann sínu kvæði í kross og gaf út matreiðslubókina Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta! Matreiðslubók fyrir ráðvillta foreldra, vanafasta heimiliskokka, fátæka námsmenn og alla aðra sem ættu að borða meira grænmeti.



**Jón Yngvi verður í Gerðubergi í kvöld.**

**Hvað?** Hæðir og lægðir, skáldsaga eftir Josefine Klougart – útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi
Hitað verður upp fyrir höfundakvöld með Josefine Klougart (sem fer fram í Norræna húsinu kl. 19.30 sama dag) með útgáfuhófi í Bókabúð Máls og menningar kl. 17 þar sem fyrsta skáldsaga eftir Josefine, Stigninger og fald frá 2010, verður kynnt til sögunnar með titlinum Hæðir og lægðir í íslenskri þýðingu Katrínar Bjarkar Kristinsdóttur.

**Hvað?** Forfatteraften med Josefine Klougart
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Klougart er einn af afkastamestu og lofuðustu ungu, dönsku rithöfundunum og telst vera ein af mikilvægustu bókmenntaröddum samtímans. Fyrsta bók hennar kom út árið 2010 og síðan þá hefur hún skrifað fimm skáldsögur, þar af hafa tvær verið tilnefndar til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Viðburðurinn byrjar kl. 19.30 og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Gísli Magnússon, dósent í dönsku við Háskóla Íslands, stýrir umræðu sem fer fram á dönsku. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Fræðafundur – The Legislation of King Magnus the Lawmender
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík, stofa M102
Prófessor Jørn Øyrehagen Sunde við Háskólann í Bergen flytur erindið: „The Franciscan that Lay a New Foundation for Norwegian and Icelandic Society – The Legislation of King Magnus the Lawmender.“

**Hvað?** Kynning á Gulleggingu 2018
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskólinn á Bifröst, Suðurlandsbraut
Kynning á Gullegginu 2018 verður haldin í húsnæði Háskólans á Bifröst, Suðurlandsbraut 22 (fyrstu hæð, gengið inn baka til), miðvikudaginn næstkomandi, 5. september. Nemendur og starfsfólk er hvatt til að koma og kynna sér keppnina. Léttar veitingar verða í boði að lokinni kynningu.

### Sýningar

**Hvað?** Point d'appui / Snertiflötur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Alliance Française de Reykjavík, Tryggvagötu
Sýningin „point d'appui / snertiflötur“ er í tilefni af móti íslenska listamannsins Einars Garibalda Eiríkssonar og frönsku listakonunnar Caroline Bouissou.





SICILIA
2ja og 3ja sæta sófar, sófaskemlar og stólar. Grænt eða ljósgrátt áklæði og brúnt og koníaksbrúnt bonded leður.

2ja sæta áklæði: 158 x 94 x 82 cm
69.990 kr. ~~79.990 kr.~~
3ja sæta áklæði: 196 x 94 x 82 cm
79.990 kr. ~~89.990 kr.~~
2ja sæta bonded leður
109.990 kr. ~~129.990 kr.~~
3ja sæta bonded leður
129.990 kr. ~~149.990 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN



Stóll áklæði
49.990 kr. ~~59.990 kr.~~
Stóll bonded leður
79.990 kr. ~~89.990 kr.~~

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 30. sept 2018 eða á meðan birgðir endast.*

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100






GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Whitney | 17:40 | Nýjar hendur (ENG SUB) | 20:00 |
| Kvíðakast (Atak Paniki) | 18:00 | Kvíðakast (Atak Paniki) | 22:00 |
| Andið eðlilega (ENG SUB) | 18:00 | Kona fer í stríð (ENG SUB) | 22:00 |
| Whitney | 20:00 | Adrift | 22:20 |





Vetrardagskráin fram undan hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands er einkar spennandi og fjölbreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spáð í vetrardagskrá Sinfóníunnar

**Jónas Sen, tónlistargagnrýnandi Fréttablaðsins, segir eitthvað fyrir alla á efnisskránni. Einleikskonsertar, voldugar sinfóníur, litrík tónaljóð og nútímatónlist.**

Dag einn árið 1876 komu saman nokkrir blásturshljóðfæraleikarar í Reykjavík og héldu tónleika undir stjórn Helga Helgasonar tónskálds. Skömmu síðar birtist gagnrýni í Þjóðólfi og þar var sagt frá því að tónlistarmennirnir hefðu sungið inn í hljóðfærin sín. Gagnrýnandanum fannst það óskaplega spaugilegt og taldi að svona píp ætti varla framtíð fyrir sér.

Annað kom á daginn. Íslenskt tónlistarlíf hefur vaxið með undraverðum hraða síðan 1876 og hefur aldrei verið eins blómlegt og nú. Vetrardagskráin fram undan hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands er einkar spennandi. Þar er eitthvað fyrir alla sem sækja slíka tónleika. Sívinsælir einleikskonsertar, voldugar sinfóníur, litrík tónaljóð og athyglisverð nútímatónlist.

### Sjostakovítsj og baráttan við Stalín

Rússnesk nýklassík er áberandi á vetrardagskránni. Það byrjar strax með tónleikum Ungsveitarinnar 23. september, en hún er eins konar afkomandi Sinfóníuhljómsveitar æskunnar, sem var áberandi í tónleikalífinu fyrir margt löngu. Ungsveitin samanstendur af um 100 efnilegum ungmennum sem njóta leiðsagnar færustu fagmanna. Að þessu sinni er verkefnið fimmta sinfónían eftir Sjostakovítsj, stórbrotin tónsmíð. Sjostakovítsj samdi hana þegar Stalín var að hreinsa til rétt fyrir seinni heimsstyrjöld og menn hurfu unnvörpum, voru myrtir eða sendir til Síberíu. Sjostakóvitsj hafði nýlega fengið á sig dembu neikvæðrar gagnrýni frá hinu opinbera og hann óttaðist um líf sitt. Sinfónían var kröftugt andsvar við þessari gagnrýni, og hún vakti svo mikla hrifningu við frumflutninginn að fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna.

Önnur sinfónía eftir Sjostakovítsj verður líka á dagskránni, sú tíunda, að þessu sinni hjá hljómsveitinni sjálfri. Hún verður leikin á tónleikum 11. október. Sinfónían var frumflutt 1953, sama ár og Stalín dó og fór til helvítis. Sumir hafa haldið því fram að tónsmíðin sé hugleiðing og uppgjör við einræðisherrann. Hún er í öllu falli sérlega áhrifamikil. Á sömu tónleikum verður líka fluttur fiðlukonsertinn eftir Tsjajkovskí, einstaklega skemmtilegt verk sem skartar guðdómlegum laglínum og kröftugri uppbyggingu.

Fleira úr sömu áttinni verður flutt í vetur, þ. á m. Vorblótið eftir Stravinskí. Það verður á dagskrá 20. og 21. febrúar. Vorblótið er ballett sem var svo byltingarkenndur að eftir frumflutninginn í París olli hann slagsmálum í salnum. Menn höfðu aldrei heyrt annað eins, bæði var tónmálið villimannslegt og svo var dansinn afar nýstárlegur. Á sömu tónleikum verður frumfluttur fiðlukonsert eftir Daníel Bjarnason, eitt af okkar frambærilegustu tónskáldum. Skemmst er að minnast hinnar frábæru óperu eftir hann, sem sýnd var á Listahátíð í vor. Einnig verður Fratres eftir Arvo Pärt á dagskránni, draumkennd tónsmíð sem var mjög áberandi í kvikmyndinni Mother Night eftir skáldsögu Kurts Vonnegut. Það er himnesk tónlist sem tilhlökkun er að heyra á lifandi tónleikum.

### Blindur einleikari

Nokkrir öflugir einleikarar koma fram með hljómsveitinni, bæði innlendir og erlendir. Undirritaður missti því miður af hinum japanska píanóleikara Nobuyuki Tsujii þegar hann spilaði annan píanókonsertinn eftir Chopin. Hann fæddist blindur. Nú kemur hann aftur og í þetta skipti með annan píanókonsert Rakhmanínovs í farteskinu. Enginn annar en Vladimir Ashkenazy stjórnar, sem sjálfur hefur einstakt lag á að túlka Rakhmanínov. Tónskáldið lagðist í þunglyndi þegar illgjarn gagnrýnandi líkti fyrstu sinfóníunni hans við plágurnar sjö í Egyptalandi. Hann hætti að semja og missti alla trú á sjálfan sig. Loks var það geðlæknir sem dáleiddi hann til betra hugarfars og upp úr því samdi hann annan píanókonsertinn, og fjölmörg verk eftir það. Spennandi verður að heyra Tsujii leika, sem sjálfur hefur örugglega þurft að yfirvinna sálræn vandamál vegna fötlunar sinnar.

Annað á efnisskránni á þessum tónleikum er sinfónía nr. 2 eftir Sibelius, sem er í miklu uppáhaldi hjá undirrituðum. Hún byrjar á brotakenndum tónum og hljómum, en svo byrja stefin að renna saman og á endanum vex tónlistin upp í yfirgengilegan hápunkt, sem er eitthvert mesta alsælutripp tónbókmenntanna. Það er ekki hægt að hlusta á verkið án þess að fá gæsahúð.

Margir fleiri einleikarar og einsöngvarar munu troða upp með hljómsveitinni og maður tekur auðvitað sérstaklega eftir því þegar þeir eru íslenskir. Þóra Einarsdóttir mun syngja Richard Strauss þann 20. september, en Hallfríður Ólafsdóttir verður einnig áberandi, sem og Einar Jóhannesson, Judith Ingólfsson, Ari Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Agnarsson. Erlendir sólistar eru m.a. Anne Sofie von Otter, Isabelle Faust, Richard Goode og fleiri.

### Nýir flautukonsertar

Allmörg samtímaverk, bæði innlend og erlend verða á dagskrá Sinfóníunnar í vetur. Þegar hefur Daníel Bjarnason verið nefndur, en einnig verður flautukonsert eftir gamla kempu, Jón Ásgeirsson, fluttur 24. janúar. Íslenskur einleikari verður þar í forgrunni, Freyr Sigurjónsson. Annar íslenskur flautukonsert verður fluttur á tónleikum á Myrkum músíkdögum, að þessu sinni eftir Þuríði Jónsdóttur, eitt af okkar fremstu tónskáldum. Þá má nefna nýtt verk eftir hina ungu og efnilegu Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, en það verður á dagskrá 29. mars.

Eins og venjulega eru mismunandi tónleikaraðir, sumar léttari en aðrar. Andrúmsloftið er alltaf líflegt á hinum árlegu Vínartónleikum, en svo mun Ari Eldjárn troða upp með Sinfóníunni í lok september. Hann er með dagskrá sem er endurtekin frá því í fyrra vegna fjölda áskorana. Ari er með fyndnari mönnum.

Hér er ekki pláss til að tíunda allt hið áhugaverða á dagskrá Sinfóníunnar fram undan. Áheyrendur eiga örugglega eftir að keppast við að fá miða á þá fjölmörgu tónleika sem fyrirhugaðir eru, og verður án efa slegist í miðasölunni. Gagnrýnandinn í Þjóðólfi hafði nefnilega ekki rétt fyrir sér þegar hann spáði að pípið í íslenskum hljóðfæraleikurum ætti enga framtíð fyrir sér; öðru nær eins og aðsóknin síðustu ár hefur sannað. Auðvitað er ekki allt gott sem hér ber fyrir eyru, en þegar það heppnast vel þá er það engu líkt. **Jónas Sen**

**ÍSLENSKT TÓNLISTARLÍF HEFUR VAXIÐ MEÐ UNDRAVERÐUM HRAÐA SÍÐAN 1876 OG HEFUR ALDREI VERIÐ EINS BLÓMLEGT OG NÚ.**



Þóra Einarsdóttir syngur Richard Strauss í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fiðlukonsert eftir Daníel Bjarnason verður frumfluttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


BÓKA
MARKAÐUR
Á FISKISLÓÐ 39
OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19
YFIR
4.000
TITLAR
FORLAGIÐ
KRÓNAN
BÓNUS
Allt að
90%
afsláttur
OPNAR
Í DAG!
STRÖNDIN
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
FUGLAR
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
HÁLENDIÐ
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
PERLUR
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
VATNIÐ
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
STÓRVIRKI Á AÐEINS
4.990
kr./stk.
NÝTT
ÁSLAUG SNORRADÓTTIR
Íslensk
ofurfæða
villt og tamin
690 kr.
HAVANA
HEKLBÓK
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
LARS
KEPLER
LEIKVÖLLURINN
Nanna
á flengiferð
990 kr.
490 kr.
490 kr.
690 kr.
*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína Langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Jamie's 15 Minute Meals
**11.35** The Big Bang Theory
**11.55** The Good Doctor
**12.35** Nágrannar
**13.05** Masterchef The Professionals Australia
**13.50** The Path
**14.45** The Night Shift
**15.30** Leitin að upprunanum
**16.10** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**16.35** Besti vinur mannsins
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.50** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkinglottó
**19.30** Mom Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**19.55** Einfalt með Evu
**20.20** The Truth About Sleep
**21.20** Greyzone Skandinavísk spennuþáttaröð af bestu gerð. Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í miðri hringiðu atburðarásarinnar.
**22.05** Nashville
**22.50** Orange Is the New Black
**23.45** Lethal Weapon
**00.30** Animal Kingdom
**01.15** Ballers
**01.45** StartUp
**02.30** Born to Kill
**03.20** Born to Kill
**04.10** Nasty Baby
**05.50** The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

**09.15** Real Madrid - Leganés
**10.55** Barcelona - Huesca
**12.35** Spænsku mörkin 2018/2019
**13.05** Cardiff City - Arsenal
**14.45** Watford - Tottenham
**16.25** Messan
**17.25** Premier League Review 2018/2019
**18.20** ÍBV - Fram
**20.05** NFL Hard Knocks 2018
**21.00** Seinni bylgjan - upphitunarþáttur
**22.30** Ísland - Tékkland

### STÖÐ 2 SPORT 2

**09.40** Crystal Palace - Southampton
**11.20** Brighton - Fulham
**13.00** Premier League Review 2018/2019
**13.55** Stjarnan - Valur
**15.35** Breiðablik - Grindavík
**17.15** FH - KR
**18.55** Pepsi-mörkin 2018
**20.20** Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson
**21.15** Football League Show 2018/19
**21.45** ÍBV - Fram
**23.15** NFL Hard Knocks 2018

### STÖÐ 3

**19.10** Fresh Off the Boat
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** The Newsroom
**22.15** The Hundred
**23.00** Famous in Love
**23.40** The Detour
**00.50** Supergirl
**01.35** Legends of Tomorrow
**02.20** Arrow
**03.05** Seinfeld
**03.30** Friends
**03.55** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.54** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**10.24** Doddi litli og Eyrnastór
**10.37** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**14.24** Doddi litli og Eyrnastór
**14.37** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**18.24** Doddi litli og Eyrnastór
**18.37** Mörgæsirnar frá Madagaskar

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



### GOLFSTÖÐIN

**09.00** Dell Technologies Championship
**13.00** Golfing World 2018
**13.50** Dell Technologies Championship
**17.20** Golfing World 2018
**18.10** Champions Tour Highlights
**19.05** Dell Technologies Championship
**00.05** PGA Highlights 2018

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30** An American Girl: Chrissa Stands Strong
**14.00** Dance Again – Jennifer Lopez
**15.25** Temple Grandin
**17.15** An American Girl: Chrissa Stands Strong
**18.45** Dance Again – Jennifer Lopez
**20.10** Temple Grandin
**22.00** Tanner Hall
**23.35** Crimson Peak
**01.35** The Transporter Refueled
**03.10** Tanner Hall

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
**13.55** Gunnel Carlsson heimsækir Ítalíu
**14.05** Úr Gullkistu RÚV: Á meðan ég man
**14.35** Sagan bak við smellinn - The Time of My Life
**15.05** Úr Gullkistu RÚV: Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
**15.30** Úr Gullkistu RÚV: Útúrdúr
**16.20** Úr Gullkistu RÚV: Á tali við Hemma Gunn
**17.05** Úr Gullkistu RÚV: Vesturfarar
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** TRIX
**17.58** Gló magnaða
**18.20** Sígildar teiknimyndir
**18.27** Sögur úr Andabæ
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Með okkar augum
**20.30** Símamyndasmiðir
**21.05** Vestfjarðavíkingurinn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Víetnamstríðið
**23.20** Vegir Drottins
**00.20** Kastljós
**00.35** Menningin
**00.40** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**11.50** Everybody Loves Raymond
**12.15** King of Queens
**12.35** How I Met Your Mother
**13.00** Dr. Phil
**13.45** Black-ish
**14.10** Rise
**15.00** Solsidan
**15.25** LA to Vegas
**15.50** Who Is America?
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** American Housewife
**20.10** Kevin (Probably) Saves the World
**21.00** The Resident
**21.50** Quantico
**22.35** Elementary
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** Touch
**01.30** Station 19
**02.15** Billions
**03.15** The Handmaid's Tale
**04.10** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





**EINFALT MEÐ EVU**
KL. 19:50
Glænýir matreiðsluþættir úr smiðju Evu Laufeyjar þar sem hún leggur áherslu á einfaldan og hollan mat sem hentar nútíma fjölskyldum í dagsins önn.




**Frábær miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**THE TRUTH ABOUT SLEEP**
KL. 22:00
Í sannleikanum um svefn finnur Michael Mosley út hvað gerist ef við fáum ekki nægan svefn og skoðar ótrúlegar lausnir til hjálpar í baráttunni við svefnleysi.

**GREYZONE**
KL. 21:20
Hörkuspennandi lokaþáttur um verkfræðinginn Victoriu sem lendir í ógnvænlegri atburðarás í klóm hryðjuverkamanna.

Loka-þáttur



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
KL. 22:50
Skemmtilegir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



**TANNER HALL**
KL. 22:00
Uppvaxtarsaga fjögurra stúlkna sem gerist að mestu í samnefndum heimavistarskóla í Bretlandi þar sem þær hafa tengst nánum vináttuböndum.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**


TJARNARBÍÓ
GRAL KYNNIR
SVARTLYNG
Sótsvartur gamanleikur
eftir Guðmund Brynjólfsson
Frumsýnt 21. september í Tjarnarbíó
Miðasala á tix.is
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Mistökin sem ekki gleymast

Vegna mistaka var Reykjavíkurmaraþonið 213 metrum of stutt og tímarnir í hálfu og heilu maraþoni gilda því ekki. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem mistök eiga sér stað sem hægt er að brosa yfir. Fréttablaðið tók saman brot af kostulegum mistökum sem margir vildu gleyma.



## Strumparnir og klámið

Ein eftirminnilegustu mistök allra tíma áttu sér stað árið 1992. Þegar þættirnir um Æðstastrump kláruðust birtist gróf klámmynd þar sem fullorðið fólk tók við að klára. Eðlilega urðu margir foreldrar reiðir enda Strumparnir gríðarlega vinsælt efni á þessum tíma. „Börnin töluðu um að það væri eitthvað ljótt á spólunni líka,“ sagði meðal annars í fréttatilkynningu frá Neytendasamtökunum.



## Lykilorðið ekki

Jóhann Alfreð Kristinsson, grínari í Mið-Íslandi, var kynnir á úrslitakvöldi Morfís 2005. Þar mættust FB og Versló. Níu árum áður hafði FB unnið Versló á dramatískan hátt í sömu keppni. Þegar Jóhann Alfreð las upp að sagan hefði ekki endurtekið sig skildi hann lítið í því að FB-liðar trylltust úr gleði. Breiðhyltingar höfðu nefnilega ekki heyrt orðið ekki og gengu heldur súrir af sviðinu.



## Tímarnir ógildir

Mistök voru gerð við lagningu brautar í maraþoni og hálfmaraþoni í Reykjavíkurmaraþoninu í ár. Færa þurfti grindur við snúningspunkt á Sæbraut stuttu fyrir hlaup vegna umferðar og láðist að færa þær til baka. Afleiðingin varð sú að hlaupaleiðin var 213 metrum of stutt. Tímarnir eru ógildir og er óvíst að þeir verði teknir gildir til inntöku í keppnir erlendis. Ekki þurfa hlauparar þó að eyða út Instagram-myndum af sér. Þær eru alveg löglegar.



## Höskuldur formaður

Framsóknarflokkurinn tilkynnti að Höskuldur Þórhallsson hefði verið kjörinn formaður árið 2009. Þegar Höskuldur var að stíga í pontu eftir að kjörið var kynnt var gert hlé og formaður kjörstjórnar fór betur yfir stöðuna. Í ljós kom að mistök höfðu verið gerð og að réttkjörinn formaður væri í raun Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

TE & KAFFI

## Rassinn og Gummi B

Te og Kaffi sendi frá sér kaffi mánaðarins í júlímánuði 2012. Þar stóð að kaffið hefði góða fyllingu og léttkryddaðan og ljúffengan keim. Svo bættist við innihaldslýsinguna: „Ef þú vilt láta taka þig í rassgatið, hringdu þá í Gumma B.“ Te og Kaffi var ekki skemmt og innkallaði pokana ljúffengu með dónaskilaboðunum.



## Dæla inn en ekki út

Árið 2009 varð villa í innheimtukerfi Skeljungs sem varð til þess að viðskiptavinir fengu greitt inn á kortin sín jafnmikið og þeir dældu fyrir. Enginn viðskiptavinur hafði samband við olíufélagið fyrr en þetta var leiðrétt. Þá nánast hrundi símkerfið. Heildartjónið nam tugum milljóna.



## Kynþokkafullur fangabúningur í barnadeildinni

Fyrir öskudag árið 2007 hengdi leikfangabúðin Leikbær upp alls konar búninga fyrir börn. Þar læddist einnig inn búningur af kynþokkafullum kvenfanga og handjárn með. „Leikbær er ekki að breytast í leikfangabúð fyrir fullorðna,“ sagði þáverandi framkvæmdastjóri.



## Frægir 213 metrar



- Met Life Tower-skýjakljúfurinn í New York er 213 metra hár.
- Montjuic-hæð í Barcelona stendur í 213 metrum.
- Hildarhellir í Stórhöfða er 213 metrar samkvæmt mælingum Hellarannsóknafélagsins.
- 6. braut Garðavallar á Akranesi af bláum teigum er 213 metrar.
- Stærsti turn borgarinnar Minas Tirith í Lord of the Rings var 213 metrar á hæð.
- Til að ísjaki sé skilgreindur mjög stór þarf hann að vera lengri en 213 metrar.
- Chelsea-brúin er akkúrat 213 metra löng.
- Ferjan the Spirit of France er það einnig.
- Swiss International-hótelið í Nanchang er 213 metra hátt.
- Veggurinn í Game of Thrones er 213 metra hár.





## Heilsupakkinn

Heilsupakkinn hentar þeim sem vilja huga vel að heilsunni og borða hollt og trefjaríkt fæði ásamt ríku magni af grænmeti. Heilsupakkinn inniheldur fisk-, grænmetis-, kjúklinga- og kjötrétti. Alls þrír réttir á viku. Unnum vörum og hvítum sykri er haldið í lágmarki og kolvetnin eru gróf og hægmeltanleg. Stuðst er við ráðleggingar frá landlækni þegar kemur að hitaeiningafjölda í hverjum skammti sem fer ekki yfir 700 hitaeiningar.

3 réttir á viku

Fyrir 2 eða 3

Hámark 700 kcal

Pöntunarfrestur til miðnættis á miðvikudag
www.eldumrett.is

ELDUM RÉTT


Noel Gallagher kallaði ekki bara borgina Hull skítaholu heldur einnig allt Jórvíkurskíri. NORDICPHOTOS/GETTY

# Noel Gallagher móðgar heilt skíri

Noel Gallagher er alltaf samur við sig, blessaður, en hann kom fram á tónlistarhátíðinni Bingley Music Live ásamt bandi sínu The High Flying Birds, en hátíðin fer fram í bænum Bingley í Vestur-Jórvíkurskíri. Hann gerði sér lítið fyrir og kallaði Jórvíkurskíri, eða Yorkshire, eins og það leggur sig „skítaholu“ (e. shithole.)

Þetta gerðist þegar þessi erfiði tónlistarmaður gekk út á sviðið en þar mættu honum köll áhorfenda sem hrópuðu nafn héraðsins í einum kór. Viðbrögð hans voru þau að segja: „Hvað er það? Hvað er það? Það er skítahola.“

Síðar í settinu sínu þóttist hann ekki skilja það sem áhorfendur voru að segja og hermdi svo eftir týpískum Yorkshire-hreim. Hann kom nokkrum bröndurum á kostnað skírisins á framfæri á meðan hann flutti tónlist sína þarna á hátíðinni.

Hann virðist hafa gríðarlega óbeit á þessu ágæta héraði en hann fór að tala um hvað borgin Hull væri mikil skítahola þegar hann var að spila á tónleikum í borginni Austin í Texasríki Bandaríkjanna. Ástæðan þess var sú að einhverjir íbúar Hull voru staddir á svæðinu og hrópuðu til söngvarans hvaðan þeir væru. Auk þess að kalla Hull skítaholu undraðist hann það að nokkur íbúi Hull hefði efni á því að fljúga til Bandaríkjanna.

Þess má geta að Noel Gallagher er frá Manchester. – **sþh**










Extreme Chill-hátíðin hefst á fimmtudaginn og er þetta í níunda sinn sem hún er haldin. Skipuleggjandi segir hátíðina vera pínu nördasamkomu þar sem græjur eru ræddar og tengsl mynduð.


Pan Thorarensen hefur skipulagt hátíðina Extreme Chill frá byrjun og segist aldrei hafa búist við svo löngu ævintýri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjölskyldu-fílingur á einstakri tónlistarhátíð

Á morgun hefst tónlistarhátíðin Extreme Chill formlega með sérstökum opnunartónleikum í Kaldalóni í Hörpu. Þetta er níunda árið sem þessi litla raftónlistarhátíð er haldin og verður það að teljast nokkuð merkilegur árangur að svo sérhæfð hátíð nái að ganga í svo langan tíma á litla Íslandi.

„Þetta er byrjað að teygja sig svolítið hjá okkur og komin mjög fjölbreytt dagskrá, sérstaklega eftir að við förum í samstarf með Up Node Network, norrænu samstarfi tónlistarhátíða. Það er að koma alveg 20–30 manna hópur frá öllum þessum hátíðum sem við erum í samstarfi við, þetta eru bókarar, skipuleggjendur og starfsfólk frá þessum stærstu hátíðum Norðurlandanna. Það verða fundir og fleira. Þetta er auðvitað einstakt að það sé svona sérhæfð hátíð hér á þessu litla landi,“ segir Pan Thorarensen, einn skipuleggjenda hátíðarinnar.

„Okkur datt ekki í hug að þetta yrði svona langt ævintýri. Maður er búinn að vera mikið á flakki út um alla trissur og samböndin sem maður hefur komist í gegnum þetta eru alveg ótrúleg – tónlistarmenn, útgáfur og ýmislegt. Það sem þessi hátíð snýst svolítið um er tengslamyndun, það sem er kannski öðruvísi við þessa hátíð er að allir eru vinir og þetta er svolítil nördasamkoma: allir að tala um græjumál og stúdíódót í bland við tónlistina. Þetta er alveg ótrúlegt. Allir þessir erlendu listamenn sem eru að koma eru bara slakir að hanga með öllum – þetta er ekki eins og þegar maður er að spila á erlendri hátíð þar sem maður spilar og fer, hittir engan. Hérna er fjölskyldu-fílingur.“

Pan segir að það séu nokkrir erlendir gestir sem hann muni eftir að hafa séð oft á hátíðinni í gegnum árin og svo eru þarna nokkrir listamenn sem mæta reglulega að spila eins og breski plötusnúðurinn og tónlistarmaðurinn Mixmaster Morris sem hefur komið öll árin.

Auk tónleika verður í ár boðið upp á opna smiðju í raftónlist sem fer fram á Kexi Hosteli á laugardaginn.

„Þetta eru sænskar synth/modular-raftónlistarstelpur sem ætla að vera með opið „workshop“ á Kexinu þar sem þær kenna almenningi á alls konar græjur – samplera, syntha og trommuheila.“

Up Node Network sendir tvo listamenn á hátíðina – um er að ræða þær Astrid Sonne og Ragnhild May sem eru báðar frá Danmörku og spila tilraunakennda raftónlist. Þær koma fram á Húrra á laugardagskvöldið. Hægt er að kaupa miða á hvert kvöld hátíðarinnar fyrir sig eða passa fyrir öll kvöldin.

stefanthor@frettabladid.is



Stöllurnar Astrid Sonne og Ragnhild May frá Danmörku spila framsækna raftónlist á laugardagskvöldinu á Húrra. Þær koma á vegum Up node Network.

**ÞAÐ SEM ER KANNSKI ÖÐRUVÍSI VIÐ ÞESSA HÁTÍÐ ER AÐ ÞETTA ER AÐ ALLIR ER VINIR OG ÞETTA ER SVOLÍTIL NÖRDASAMKOMA: ALLIR AÐ TALA UM GRÆJUMÁL OG STÚDÍÓDÓT Í BLAND VIÐ TÓNLISTINA.**

SKRIFSTOFAN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um skrifstofur og skrifstofuvörur kemur út 12. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um auglýsingar og umfjallanir fyrir blaðið veitir;**

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Netfang, jonivar@frettabladid.is – Beinn sími 512-5429

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


TRYGGÐU ÞÉR BESTA VERÐIÐ
MEÐ ÁSKRIFTARKORTI
Stækkaðu heiminn
18.900 kr.
Fjórar sýningar að eigin vali
Ungmennakort: 12.900 kr.
1.000 kr. viðbótargjald fyrir söngleik
FLJÓTLEGAST AÐ PANTA Á NETINU
ENNEMM / SÍA / NM89582
borgarleikhus.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Í minningu

Bandaríski guð- og siðfræðingurinn Reinhold Niebuhr segir í æðruleysisbæninni: „Guð, gef mér kraft til að standa upp og reyna aftur, þótt það virðist vonlaust.“ Þessi setning kom upp í huga minn sl. sunnudag þegar verkefninu Erninum var færð hálf milljón króna að gjöf. Verkefnið snýst um að gefa börnum og unglingum sem misst hafa ástvini tækifæri til skapandi samveru og sorgarúrvinnslu með helgardvöl í sumarbúðunum í Vindáshlíð. Gjöfin kom úr minningarsjóði Jennýjar Lilju sem lést af slysförum þriggja ára gömul árið 2015. Yfir fjörutíu manns hlupu til styrktar minningarsjóðnum í síðasta Reykjavíkurmaraþoni og voru það foreldrar stúlkunnar sem afhentu gjöfina. Í minningu þessa barns fá nú ungir eftirlifendur tækifæri til að nema staðar í öruggu umhverfi og hitta jafnaldra sem eiga hliðstæða sorgarreynslu.

Í hópnum ríkir frelsi og gagnkvæmur skilningur svo úrvinnsla getur átt sér stað. Ég hef lært það í gegnum árin hvað jafningjafræðsla og svona hópavinna fyrir fólk á öllum aldursskeiðum er máttug. Það að geta viðrað viðbrögð sín og tilfinningar í andrúmslofti þar sem enginn er að dæma eða segja manni til gerir það að verkum að persónan öðlast sjónarhorn á eigið líf. Við það að áður ókunnugt fólk horfir á mann með viðurkenningu og hlustar með virkum og kærleiksríkum hætti verður maður færari um að taka eigið líf í sátt.

Missir ástvinar virkar oft eins og sjálfræðissvipting. Allt í einu er lífið sett á hvolf og maður er rændur öllum völdum. Við þær aðstæður getur hugsunin um það að rísa aftur á fætur virkað vonlaus. Ekkert er þá betra en mannleg nálægð þess sem verið hefur í sömu stöðu og einnig það að leyfa minningunni að lifa með því að styðja aðra til að rísa á fætur. Það er kraftaverk.











*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS